

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2008

Hörgárbyggð austan Öxnadalsár



19. júní 2009

EFNISYFIRLIT

1	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	2
2	MÁLSMÉÐFERÐ	2
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar	2
2.2	Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar.....	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning	3
2.4	Mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár	4
3	KRÖFUGERÐ	6
3.1	Kröfur íslenska ríkisins	6
3.2	Kröfur Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar vegna Vaskárdals	6
3.3	Kröfur Hörgárbyggðar vegna Almennings	7
3.4	Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels.....	7
4	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	8
4.1	Inngangur	8
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	8
4.3	Vettvangsferð	9
4.4	Skýrslutökur	9
5	SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA	10
5.1	Landnám og saga	10
5.2	Afréttir og afréttarnot	10
5.3	Vaskárdalur	14
5.4	Almenningur	19
5.5	Bakkasel	26
6	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	39
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	39
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	39
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	39
6.2	Landnám	40
6.3	Vaskárdalur	41
6.3.1	Inngangur	41
6.3.2	Sjónarmið aðila	41
6.3.3	Niðurstaða	42
6.4	Almenningur í Öxnadalshreppi	47
6.4.1	Inngangur	47
6.4.2	Sjónarmið aðila	47
6.4.3	Niðurstaða	49
6.5	Bakkasel	54
6.5.1	Inngangur	54
6.5.2	Sjónarmið aðila	54
6.5.3	Niðurstaða	56
6.6	Um málskostnað.....	63
7	ÚRSKURÐARORÐ	64

VÍÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Einar Valbergsson og Hörgárbyggð vegna Vaskárdals

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Hörgárbyggð vegna Almennings.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Akrahreppur og Hörgárbyggð vegna Bakkasels.

(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Löggin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

¹ Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalshéiði og Öxnadalssá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd. Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdretti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri

afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en Þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um Þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

Mál nr. 3/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmennt að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi Þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmennt gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var óskað eftir því að lögmennt skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að

gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. Þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendlaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku málsins, 31. ágúst til 1. september 2008, var farið á vettvang, sjá nánar í kafla 4.3. Þar voru lögð fram ný gögn af hálfu óbyggðanefndar. Einnig var lögð fram greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27. ágúst 2008, þar sem meðal annars var lýst breyttum þjóðlendukröfum í málinu. Breytingarnar fólu meðal annars í sér aukningu á þjóðlendukröfum innan kröfusvæða Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.² Í greinargerðinni komu einnig fram breytingar á þjóðlendukröfu ríkisins sem leiddu til þess að ágreiningssvæðum og gagnaðilum fækkaði umtalsvert.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu út fyrir ágreiningssvæði málsins við breytingar á kröfulínu ríkisins sem fram komu í greinargerðinni, dags. 27. ágúst. Þá var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins og frekari gögn.

Við fimmtu fyrirtöku, 10. nóvember 2008, voru fleiri gögn lögð fram og farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram 2. desember 2008, á Löngumýri í Skagafirði, og fólst í munnlegum málflutningi og skýrslutökum, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

² Kröfum málsaðila er lýst í 3. kafla.

3 KRÖFUGERÐ³

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur, skv. greinargerð dags. 27. ágúst 2008, að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).“ Áður hafði ríkið lýst kröfum sínum svo í kröfugerð, dags. 14. mars 2008: „[...] er haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), og úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40).“

3.2 Kröfur Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar vegna Vaskárdals

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Vaskárdals hafi beinan eignarrétt að öllu landi í Vaskárdal þannig að viðurkennt verði að landamerki Vaskárdals séu eftirfarandi: „Að mörkin séu við Melrakkaá að Rauðuskriðu að vestan, sbr. punkt 1 og punkt 2 inn á loftmynd frá Búgarði ehf. en Rauðaskriðuá er auðkennd nr. 1 og Melrakkaá nr. 2. Að sunnan séu mörkin á Rauðuskriðufjalli, sem er punktur nr. 5 milli Vaskárdals og Rauðaskriðudals, að austan eru mörkin að Melrakkaá, sem auðkennd er með punkti nr. 4–5.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju fari svo ólíklega að einhver hluti Vaskárdals teljist vera þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins skv. úrskurði óbyggðanefndar með tilliti til framlagðs málskostnaðarreiknings, að skaðlausu.

³ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinnna jarða: Lögmannshlíð, Laugaland, Hesjuvellir, Bitra, Bitrugerði, Skógar, Steðji, Efri-Vindheimar, Neðri-Vindheimar, Ás, Briti, Ásláksstaðir, Krossastaðir, Efri-Rauðalækur, Hólar, Neðri-Rauðalækur, Þverá, Syðri-Bægisá, Fagranes, Geirhildargarðar, Engimýrar, Garðshorn, Efstaland, Gloppa, Neðstaland, Efstalandskot, Steinsstaðir, Steinsstaðir II, Ytri-Bægisá I, Ytri-Bægisá II og Vaglir. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jarðirnar Laugaland, Hesjuvelli og Hóla og koma þær því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

3.3 Kröfur Hörgárbyggðar vegna Almennings

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að landamerki afréttarlandsins séu þessi: „Rauðskriðuáin [3] ræður í austri, Vaská [2] að norðan og Öxnadalsá [1] að vestan frá ármótum Vaskár að Nautá en skiptir hún þar um nafn og heitir þar eftir Seldalsá [5]. Hún skiptir afréttarmörkum Seldals og Almennings allt til dalbotnsins. Þess ber að geta að stutt neðan við dalbotninn skiptist Seldalsáin í tvær kvíslar. Vestari kvíslin liggur til suðurs, en hin til suðausturs. Landið milli kvíslanna heitir Þorbjarnartungur og tilheyrir þær Almenningsi. Austurmörk framan Rauðskriðudals takmarkast af Almenningsfjalli.“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.4 Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigendur Bakkasels hafi beinan eignarrétt að öllu landsvæðinu og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi, sbr. landamerkjabréf frá 28. mars 1889 sem þinglýst var 27. maí sama ár: „Að norðan Hjallendagil [2] utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá [3]. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum. Þess ber að geta að jörðin Ytri - Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-39 ásamt undirskjölum eða samtals 356 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins sunnudaginn 31. ágúst 2008 í fylgd með lögmonnum og nokkrum málsaðilum sem önnuðust leiðsögn. Í sömu ferð var vettvangur í máli nr. 4/2008 einnig skoðaður en hér verður aðeins vikið að þeim hluta ferðarinnar sem snýr að máli nr. 3/2008.

Ekið var frá Akureyri í góðu skyggni inn Öxnadalinn eftir þjóðvegi nr. 1 og merki skoðuð á móts við Vaskárdal. Einnig var farið inn að Gili og Bakkaseli þar sem merki og lega þjóðlendukröfulínu voru skoðuð. Ekið var áfram inn Öxnadalinn milli punkta nr. 3 og 4 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins í máli þessu.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur Víkingsson, Garðshorni, mættur vegna Almennings og Bakkasels; Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar og Þórarinn Magnússon, Frostastöðum í Skagafirði.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.⁴

5.1 Landnám og saga

Samkvæmt *Landnámu* námu tveir menn Öxnadal. Hét annar Þorsteinn þursaspengir. Hann nam Öxnadal allan og bjó að Vatnsá.⁵ Hinn landneminn hét Auðólfur og eignaði hann sér dalinn niður frá Þverá til Bægisár. Auðólfur átti heima að Syðri-Bægisá.⁶

5.2 Afréttir og afréttarnot

Arngrímur Halldórsson, prestur á Bægisá, skrifaði Pétri Havstein amtmanni, 23. september 1854, og kvartaði yfir óreglu á fjárleitum og óviðunandi fjárréttum í Skriðuhreppi. Í bréfi prests segir m.a.:

Í Skriðu hrepp eru margar afréttir, en eingin stærri en svari rúmgóðum búfjárhögum, því flestar eða allar eru þær gengnar á hálfum degji. Þær eru gengnar þrisvar sinnum á hausti að nafninu til, í 22.-23. og 24. sumarviku, en ekki taka menn sumir fé sitt í fyrstu gaungum, þó þeir gáangi og ekki fara nærri allir í 2. eða 3dju gaungur; stundum sleppa menn sumum afréttum úr, og gánga þær þá einhvörn tíma eða aldrei, rennur féð að líkindum á meðan af þeirri ógengnu afrétt á hina sem búið er að gánga, þegar ekki skilur nema lítil á, eins og stendur á um Seldal og Almenníng.⁷

Hann kvartar einnig yfir lélegu ástandi rétta og miklum fjölda þeirra og segir réttir vera á 5.–6. hverjum bæ en þær séu of litlar og með fáum eða engum dilkmyndum. Arngrímur stingur upp á því við amtmann að skipuð verði nefnd til að íhuga málefnið og semja nýjar reglur eða nefndarálit um fyrirkomulag á fjárgöngum og lögrétt í Glæsibæjar- og Skriðuhreppum.

Arngrímur lagði fram sex atriði sem hann taldi að nefndin ætti að taka til greina í álitinu en þau voru svohljóðandi:

1., að gaungur séu ekki nema tvennar í 22. og 23. viku sumars og allsstaðar sé gengið sama mánudag og réttað á þriðjudag;

⁴Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 36. Þó hefur verið felld út eða stytta umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁵Bæjarnafnið er nú glatað, en munnmæli voru í Öxnadal að Hraun hafi heitið Vatnsá; nafnið Hraun kemur fyrst fyrir á 14. öld. Sjá Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 257. (Sturlubók)

⁶Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 257 og 259. (Sturlubók)

⁷Skjal nr. 2 (115) a-b.

2., að hver búandi sem notar afrétt í Skriðu hrepp og á 6-100 kyndur, leggi til 1 mann duglegan í hverjar gaungur, en þeir sem eiga meir en 100 fjár, 2 menn fullgylða.

3., að hreppstjóri setji tilsjónarmann yfir gágnamenn í hverri afrétt, þar sem hann er ekki sjálfur, hverjum allir eru skyldir að hlýða undir hæfilega fjársekt til fátækra sem Amtmaður ákveður.

En um réttina annaðhvort:

4., að ein lögrétt fyrir allan Yxnadal, Hörgárdal og Glæsibæarhrepp sé byggð í sporðinum í Staðartúngu landi,

ellegar

5., fyrir Yxnadal og Glæsibæar hrepp á Þveráreyrum, Sveigsrétt í Hörgárdal stækkuð með nægilegum dilkum, en allar aðrar smáréttir, Bægisárrétt, Þverárrétt, sem nú er notuð, Vaskárrétt, Hraunsrétt og hin svokallaða Sporðsrétt í Yxnadal, Flögurétt, Myrkárrétt, Baugaselsrétt, Hafraárdals eður Sörlatúngurétt, og Skriðurétt í Hörgárdal, með öllu aflagðar og bannaðar. [...] ⁸

Amtmaður var sammála því að koma þyrfti betra skipulagi á fjallgöngur og fjárréttir í Glæsibæjar- og Skriðuhreppum og jafnframt í Arnarneshreppi. Hann skipaði því nefnd manna sem átti að koma saman og senda honum svo uppástungur sínar um málið. Hann skrifaði klausu þar að lútandi, frá 30. september 1854, á afrit af bréfi séra Arngríms og sendi það E. Briem sýslumanni með bréfi dagsettu 1. mars 1855. Þar segir amtmaður að brýn þörf sé á að lagfæra ofangreinda annmarka í hreppunum þremur. Hann segir enn fremur:

(Þorvaldsdals afréttur er að nokkru leiti innan takmarka þessa hrepps og þar er Fögruhlíðar rétt, einsog líka títt er að reka úr Arnarness hrepp á Yxnadals og Hörgárdals afrétti) [...] ⁹

Amtmaður segist hafa skorað á sjö menn úr þessum þremur hreppum til þess að gaumgæfa málefnið og þeir hafi skilað sér álit og uppástungum sínum. Hann sendir frumvarp þeirra til sýslumanns og biður hann um að gefa álit sitt á því en senda sér svo frumvarpið og fylgiskjölín til baka.

Tíðir brunar voru á amtmannssetrinu á Möðruvöllum en síðasti stórbrunninn varð þar 21. mars 1874 og þá brann Friðriksgáfa og skjalasafn Norður- og Austuramtsins til grunna. Frumvarpið og athugasemdir við það hafa því væntanlega orðið eldi að bráð. Hinsvegar er að finna nokkur bréf um þetta mál í skjalasafni sýslumanns og þar virðist glitta í tillögur nefndarinnar. Amtmaður skrifar sýslumanni aftur, 12. maí 1855, og biður hann að sjá til þess að byggðar verði fjárréttir í vor á

⁸ Skjal nr. 2 (115) a-b.

⁹ Skjal nr. 2 (115) a-b.

Þveráreyrum í Yxnadal og önnur á Barkáreyrum í Hörgárdal og að verkinu verði lokið fyrir haustið.¹⁰

Ekki er að sjá í bréfabók sýslumanns að hann hafi skrifað amtmanni um þetta mál. Hins vegar skrifaði hann hreppstjórum í Skriðu-, Arnarness- og Glæsibæjarhreppum samdægurs og ræddi þar um byggingu réttanna. Hann segir að umræddar tvær réttir skuli byggjast af öllum búendum hreppanna þriggja sem sækja geldfé sitt í Yxnadals- og Hörgárdalsfréttir. Almennurinn, þ.e. aðalréttin skuli koma af dilkunum umhverfis en stærð hvers dilks fari eftir fjárfjölda manna og ber hreppstjórum að ákveða það. Í bréfinu kom fram að fyrirskipunin yrði auglýst á manntalsþingum þá um vorið. Sýslumaður beindi þeim tilmælum til hreppsstjóranna að þeir hittust til að gera áætlun um stærð réttanna og dilkana og komast að því hvaða hreppsþúar það væru sem væru vanir að reka geldfé til afrétta á hverjum dal fyrir sig og um fjárfjölda þeirra.¹¹

Sýslumaður skrifaði St. Jónssyni hreppstjóra — líkast til í Arnarneshreppi —, 20. maí 1855, og bað hann að auglýsa þeim sem rækju fé sitt á Þorvaldsdal að ákveðið hefði verið á Skriðuþingi daginn áður að dilkabyggingin við Þorvaldsdalsrétt skyldi fara fram sama dag og á Barkáreyrum. Einnig bað hann um að hlutaðeigendum yrði tilkynnt að þeir afréttarbændur í Skriðuhreppi sem tóku geldfé úr Arnarneshreppi sumarið áður væru allir tilbúnir til að gera það aftur, nema Sigfús í Baugaseli þó ekki væri útséð um hans þátttöku ennþá.¹²

Sama dag skrifaði sýslumaður einnig hreppstjórunum M. Jónssyni í Skriðuhreppi og St. Jónssyni. Hann tilkynnti þeim að samkvæmt því sem birt hefði verið á Arnarness- og Skriðuþingum dagana á undan varðandi fjárréttarbyggingu í Skriðuhreppi þá skyldu allir sem hyggðust reka á Hörgárdal- eða Yxnadalsafrétt um sumarið koma til Barkár- eða Þveráreyrar 23. maí næstkomandi. Þar kemur einnig fram að hreppstjórnir hafi ætlað Skagfirðingum dilk í réttinni.¹³

Fjallgöngur virðast hafa verið ræddar síðar því 31. maí 1855 skrifaði sýslumaður ónafngreindum manni úr Möðruvallasókn og svo virðist sem að samhljóða bréf hafi einnig verið send aðilum í Hóla-, Saurbæjar- og Miklagarðssóknum. Þar er viðkomandi aðilum tilkynnt um að þeir hafi verið skipaðir í nefnd til að koma á sem haganlegustu fyrirkomulagi á fjallgöngum og fjárskilum á haustin í Saurbæjarhreppi. Sýslumaður spurði Möðruvallasóknarnefndarmann hvort ekki væri haganlegast að hafa eina rétt fyrir sóknina. Einnig sagði hann að nefndarmenn skyldu ráðgast sín á milli um gangnadaganna. Hver nefnd skyldi síðan senda fulltrúa á aðalnefndarfund sem séra Jón Thorlacius í Saurbæ skyldi fara fyrir.¹⁴

¹⁰ Skjal nr. 2 (115) a-b.

¹¹ Skjal nr. 2 (116) a-b.

¹² Skjal nr. 2 (116) a-b.

¹³ Skjal nr. 2 (116) a-b.

¹⁴ Skjal nr. 2 (116) a-b.

Loks er að finna í bréfabók sýslumanns bréf, dagsett 3. apríl 1856, til P. Steinssonar hreppstjóra um fjárréttarbyggingar í Hólasókn. Þar samþykkir sýslumaður tillögur hans um að tvær réttir verði byggðar, önnur á Gleráreyrum og hin á melunum fyrir utan og ofan Torfufell.¹⁵

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrð eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.¹⁶ Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.¹⁷ Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningabotni. Áin er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.¹⁸

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.¹⁹

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.²⁰ Nánari grein er gerð fyrir sögu þessara svæða hér á eftir, ásamt upplýsingum sýslumanns frá 1979.

Þann 28. nóvember 1985 svaraði bæjarfógetinn á Akureyri fyrirspurn frá nefnd um eignarrétt að almenningum og afréttum á þann veg að afréttarskrá myndi ekki hafa verið haldin við embættið.²¹

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?

Hvað nefnist sá afréttur?

¹⁵ Skjal nr. 2 (117) a-b.

¹⁶ Skjal nr. 2 (58).

¹⁷ Skjal nr. 2 (59).

¹⁸ Skjal nr. 2 (60).

¹⁹ Skjal nr. 2 (60).

²⁰ Skjal nr. 4 (37).

²¹ Skjal nr. 4 (7).

Hvar liggja mörk hans?

Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?

Hvaða sveitarfélög eru það?

Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?²²

Í svari Glæsibæjarhrepps frá 8. nóvember 1989 varðandi afréttir kom fram að þar væri aðeins um heimalönd að ræða.²³

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur jarðanna Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

[...] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals, Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.²⁴

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

5.3 Vaskárdalur

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddssdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.²⁵ Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

[...] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.²⁶

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar segir í máldaga Miklagarðskirkju:

þessar jtolor sagdi ornolfur j þuerardal af modru(u)ollum. ... er oc sagdur vij. folallda rekstur j vaskarogsl.²⁷

Jörðin Djúpidalur / Stóridalur í Saurbæjarhreppi er skráð eigandi Vaskárdals í Jarðabók 1712.

Selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkisgarðs með hálfum þverdal, og brúkast jafnlega. Vaskárdal

²² Skjal nr. 4 (8).

²³ Skjal nr. 4 (9).

²⁴ Skjal nr. 8 (6).

²⁵ DI III, bls. 296, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

²⁶ DI III, bls. 298, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

²⁷ DI V, bls. 313, sbr. DI IX, bls. 65-66. Umráddur heimildarmaður mun vera Örnólfur Þórðarson í Miklagarði, sbr. DI V, bls. 1095, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

á jörðin og heim í Axlir, en engin not hefur jörðin þessa afrjett(ar), en áður hafa þángað verið reknir hestar á sumur.²⁸

Í sömu heimild kemur fram í umfjöllun um Gloppu:

Vaskáarkot er hjer nefnt í landinu.²⁹

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Vaskárdal og notkun afrétta í Skriðuhrepp:

Vidara kom til Trakteringar, hvorjar afretter framveiges brúkast skulu, í þessum Hrepp, og verður það eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almeningr og Þverárdalur með Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.³⁰

Í kaupbréfi frá 18. febrúar 1841 kemur fram að afréttarlandið Vaskárdalur liggir fram af Austurbyggð í Öxnadal.³¹

Þann 7. júní 1841, var haldið kóngsbreifaupplesturs- og manntalsþing að Glæsibæ í Eyjafirði, þar sem afréttarlandið Vaskárdalur var selt fyrir 72 ríkisbankadali:

2. [Afsalsbréf] af 18da februar 1841, hvarvid prestur síra Arni Halldórsson á Tjorn selur Bónða Jóni Bergssyni á Gardshorni afréttarlandid Vaskárdal innast Yxnadal fyrir 72 rbd r.s.³²

Degi síðar að Skriðu í Hörgárdal, þann 8. júní 1841, var fyrirtéð afsalsbréf upplesið.³³

Í jarðamati 1849 er Vaskárdal lýst með svofelldum hætti:

Það er dalur – afréttarland – sem liggur suðaustanmeginn við Gloppu afrétt; er hann ei víðlent pláts, víðast snögglendir og á sumum stöðum undirorpinn skriðuáföllum. Hann er yfirhöfuð kjarngóðir sauðfjárhagar; þó eru stórgripahagar á nokkrum hluta hans, og er á sumrum tekið á hann sauðfé nokkurt og naut.³⁴

Í verðhæðarbók jarðamatsins 1849 segir um Vaskárdal:

216. Vaskárdalur – afréttur. 50 rdl.³⁵

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu, við lýsingu Bakkasóknar, segir um landsvæðið við mörk Vaskárdals:

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 237.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 152, 155 og 162.

³⁰ Skjal nr. 2 (86) a-b.

³¹ Skjal nr. 4 (39).

³² Skjal nr. 2 (87).

³³ Skjal nr. 2 (88) a-b.

³⁴ Skjal nr. 2 (126).

³⁵ Skjal nr. 2 (126).

Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almanningur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Pelamörk, og innan úr Krákingahlíð, [Kræklinga-].³⁶

Þann 21. júní 1859, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var afréttin Vaskárdalur friðlýst, og öll íneysla bönnuð, undir sektir að lögum:

7. Var fridlýsing á afrjettinni Vaskárdal frá [ofan línu] Jóns Bergssonar á Launguhlíd að hann bannar öllum undir sektir að lögum alla íneytlu þar, hverju nafni sem heitir, dagsett 21. Júní þ.m..³⁷

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Vaskárdal að norðanverðu, er dagsett 16. janúar 1883:

Að sunnan ræður Vaská.

Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá.³⁸

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni Bergssyni sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalinna milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Litla-Dal, sem er aðliggjandi Vaskárdal að austanverðu, er dagsett 18. maí 1885 og þinglesið sama dag:

[S]íðan ræður Hagá í merkjum á fjall upp. [...] Djúpadalsá á fjall upp.³⁹

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

Landamerkjabréf fyrir Kambfell sem er sunnan og suðaustan við Vaskárdal er dagsett 27. maí 1885 og þinglesið sama dag.

Landamerki jarðarinnar Kambfells í Saurbæjarhreppi er að sunnan Hrauná fram í gegn á Hraunárdal. [...]

Að norðan er Hagá merki fram í gegn á Hagárdal.⁴⁰

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

³⁶ Kristján Þorsteinsson. „Bægisár- og Bakkasókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 157 og 159.

³⁷ Skjal nr. 2 (89) a-b.

³⁸ Skjal nr. 2 (29).

³⁹ Skjal nr. 2(110).

⁴⁰ Skjal nr. 2(110).

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna kafla um afréttarlandið Vaskárdal. Segir svo um Vaskárdal:

Eigandi Jón Guðmundsson bóndi á Krossastöðum. Hreppsnefnd hefir ákveðið að reka megi í landið 500–600 fjár. Land þetta er metið á kr. 200.⁴¹

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Vaskárdal.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrð eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.⁴² Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.⁴³ Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningabotni. Áin er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.⁴⁴

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.⁴⁵

Þann 3. júlí 1940, á hinu árlega manntalsþingi Öxnadalshrepps var tekið fyrir afsal á afréttarlandinu Vaskárdal:

2. G. 277. Málfríður Baldvinsdóttir, Moldhaugum afsalar Öxnadalshreppi ½ afrettarlandinu Vaskárdalur.⁴⁶

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.⁴⁷

Vaskárdalur.

⁴¹ Skjal nr. 2 (93).

⁴² Skjal nr. 2 (58) a-b.

⁴³ Skjal nr. 2 (59).

⁴⁴ Skjal nr. 2 (60).

⁴⁵ Skjal nr. 2 (60).

⁴⁶ Skjal nr. 2 (90) a-b.

⁴⁷ Skjal nr. 4 (37).

Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðskriðuá að vestan Rauðskriðudalur er sunnan Vaskár, liggur til suðurs í fjallgarðinn austan Almenningsfjalls.

Hann er brattur og mjög ílla gróinn, að austanverðu. Melrakkadalur liggur í aust- norð austur og síðan í norður. Austurhlíðin er fremur hrjóstug. Vaskárdalur liggur í austur og síðan suðaustur. Suðurmörkin eru Rauðskriðufjall milli Vaskárdal og Rauðskriðudals.

Austan Melrakkadals ræður fjallsraninn að Melrakkaöxl. í norður er Melrakkaöxlin, þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals. Úr dalbotninum er stutt í Hagárdal í Eyjafirði enda fyrrum farið.

Vaskárdalur er mjög vel gróinn og grösugur. Nær allt landið er þurlent. Mest skriðuhriggir og grundir, kjörið sauðland.

Ítala 400 fjár fullorðið 5 hross.

Um eignarrétt Vaskárdals hefur gengið á ýmsu, síðan Bægisárkirkja selur dalinn 1841.

Ítök annara jarða hafa hér ekki fundist.

Núverandi eigendur: Pétur Steindórsson bóndi Krossastöðum Glæsibæjarhreppi að hálfu og Rútur Þorsteinsson Byggðavegi 148 Akureyri, hinn helminginn.⁴⁸

Með afsali, sem dagsett er 22. janúar 1980, afsalaði Rútur Þorsteinsson helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps. Í afsalinu segir:

Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðskriðuá að vestan, Að [svo] sunnan Rauðskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðskriðudals. Að austan fjallsraninn að botni Vaskárdals.⁴⁹

Öxnadalshreppur er skráður eigandi hálf Vaskárdalsafréttarlandsins árið 1980.⁵⁰ Helmingur afréttarinnar er í einkaeigu árið 1990.⁵¹

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur jarðanna Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

[...] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals, Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.⁵²

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson

⁴⁸ Skjal nr. 4 (37).

⁴⁹ Skjal nr. 13(4).

⁵⁰ Skjöl nr. 4 (34) og 4 (35) a-b.

⁵¹ Skjal nr. 4 (35) a-b.

⁵² Skjal nr. 8 (6).

oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

Vaskárdalur er nú nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.4 Almennigur

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddssdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.⁵³ Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

[...] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.⁵⁴

Guðný Guðmundsdóttir seldi séra Birni Gíslasyni jörðina Þverbrekku í Öxnadal með bréfi gerðu 4. maí 1568 á Bakka. Í kaupbréfinu eru landamerki tilgreind og þess getið að jörðin eigi m.a.:

[...] fiordung j almenninge.⁵⁵

Almennigur er notaður af öllum bæjum í Öxnadal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712.

Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.

Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum tilnægilegra þarfinda, kannski iv-um eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.⁵⁶

Í umfjöllun jarðabókarinnar um Neðstaland, Efstalandskot, Miðland, Steinsstaði, Þverá, Fagranes, Hóla, Engimýri, Geirhildargarða (Geyrreiðargarða), Gloppu, Skriðu (Neðri-Lönguhlíð) og Syðri-Bægisá er sérstaklega getið um upprekstur í Almenníng.⁵⁷

Viðbót við texta Skriðuþingssóknar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um upprekstrarréttindi úr sókninni eru svohljóðandi:

Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.

⁵³ DI III, bls. 296, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

⁵⁴ DI III, bls. 298, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

⁵⁵ DI XV, bls. 96, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

⁵⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 137.

⁵⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 152 og 155–162

Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum til nægilegra þarfinda, kannske ivum eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.⁵⁸

Í jarðabókinni 1760 segir:

Præstegaarde udi Øefiords Syssel udi Glæsibæar Thing=Sogn

1. Bægisaæ ytre

Alminding paa Öxnadalsheide Skov í Statatunge Egn.⁵⁹

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Almenníng og notkun afrétta í Skriðuhreppi:

Vidara kom til Trakteringar, hvörjar afretter framveiges brúkast skulu, í þessum Hrepp, og verður það eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almenníng og Þverárdalur med Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.⁶⁰

Í jarðamati 1804 kemur fram að hjáleigurnar Ángerði og Hálsgerði tilheyri Þverá. Varðandi afrétt jörðinni tilheyrandi, er vísað til upplýsinga um jörðina Hóla í Öxnadal.

De öde Hialejer Aargerde og Halsgerde eru herunder indbefattede. [...]

Angaaende en hertil stående Afret, eftersees Noten ved det næstfølgende No. [Hólar í Öxnadal].⁶¹

Á manntalsþingi, 8. júní 1841, að Skriðu í Hörgárdal, var upplestin lögfesta frá 22. maí 1771, í nafni eiganda jarðarinnar Bakka í Öxnadal, Egils Tómassonar, fyrir téðrar jarðar túni, engjum og úthaga. Þrír bændur mótmæltu lögfestu Egils, hvað áhrærði afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal.⁶²

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenníng (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði.

Árið 1849 hafði jörðin frían upprekstur á afréttinn Almenníng fram af Öxnadal.⁶³

Í landamerkjabréfi Syðri-Bægisár, dags. 1. október 1884, segir:

Á Almenníngi á tjeð jörð frían upprekstur og grasatekju.⁶⁴

⁵⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 162.

⁵⁹ Skjal nr. 2 (33).

⁶⁰ Skjal nr. 2 (82) a-b.

⁶¹ Skjal nr. 2 (99).

⁶² Skjal nr. 2 (121).

⁶³ Skjal nr. 2 (114).

Undirritað af Þorsteini Daníelssyni og J. Andrésyni. Samþykkt af Einari Ásmundssyni vegna Staðartungu og Miðhólsstaða og Arnljóti Ólafssyni vegna Ytri-Bægisár og Neðstalands.

Í jarðamati 1849 kemur fram að það fylgi Varmavatnshólum, Bessahlöðum, Hálsi, Hrauni, Auðnum, Bakka, Hraunhöfða og Skjaldastöðum frír upprekstur á Almanning.⁶⁵ Einnig segir að Þverbrekka eigi 1/6 part úr afréttinum Almanningi fyrir austan Öxnadalsá.⁶⁶ Þá kemur fram að jarðirnar Neðstaland⁶⁷, Miðland⁶⁸, Efstaland⁶⁹ og Efstalandskot⁷⁰ eigi upprekstur í Almanning en þess er ekki getið í umfjöllun um Engimýri, Geirhildargarða eða Fagranes.

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Almanningi að norðanverðu, var útbúið þann 16. janúar 1883:

Að sunnan ræður Vaská.

[...] Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá.⁷¹

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni Bergssyni, sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni, settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalína milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Miðland var útbúið þann 16. janúar 1883, þar kemur fram um upprekstur:

Jörðin á frían upprekstur á Almanning.⁷²

Landamerkjabréf fyrir Efstaland var útbúið þann 1. ágúst 1884:

Jörðin á frían upprekstur í Almanning á Yxnadal.⁷³

Landamerkjabréf fyrir Efstalandskot var útbúið þann 1. ágúst 1884 og því var þinglýst 29. maí 1888:

Jörðin á frían upprekstur í Almanning í Yxnadal.⁷⁴

Landamerkjabréf fyrir Skriðu í Hörgárdal var útbúið í maí 1885 og því var þinglýst 2. júní 1887:

⁶⁴ Skjal nr. 2 (19).

⁶⁵ Skjal nr. 2 (22).

⁶⁶ Skjal nr. 2 (114).

⁶⁷ Skjal nr. 2 (114).

⁶⁸ Skjal nr. 2 (114).

⁶⁹ Skjal nr. 2 (114).

⁷⁰ Skjal nr. 2 (114).

⁷¹ Skjal nr. 2 (29).

⁷² Skjal nr. 2 (21).

⁷³ Skjal nr. 2 (22).

⁷⁴ Skjal nr. 2 (23).

Einnig á Jörðin Skriða allan geldfjárrekstur frían í Almenning í Öxnadal. Merkjalyásing þessi er samkvæmt gömlum sölubrjefum, lögfestum og öðrum skjölum frá 1491, 1593 og 1792.⁷⁵

Landamerkjabréf fyrir Neðstaland er dagsett 8. júní 1922:

Jörðin er talin eiga frían upprekstur á almenning.⁷⁶

Landamerkjabréf fyrir Geirhildargarða var útbúið þann 22. maí 1891 og því var þinglýst degi síðar:

Jörðin á frían upprekstur á Almenning austan Yxnadalsár.⁷⁷

Í fasteignamati 1916–1918 kemur fram að Þverbrekka, Háls, Skjaldastaðir, Neðstaland⁷⁸, Miðland⁷⁹, Efstaland⁸⁰, Efstalandskot⁸¹ og Steinsstaðir⁸² og eigi upprekstrarrétt í Almenning. Hins vegar er ekki getið um að Engimýri, Geirhildargörðum eða Fagranesi tilheyri þar upprekstur.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* stendur um Bakkakirkjusókn:

3. afdalur er Almenningur, liggur fram af sjálfri sveitinni Öxnadalnum, en mjög svo í sveig næstum til hásuðurs og liggur lítið hærra en sveitin. Að austanverðu við hann er Almenningsfjallið og að vestanverðu Seldalsfjallið, enda er dalur þessi þeim megin oftast Seldalur nefndur. – Þessi dalur er býsna langur, svo drag hans er nálægt dragi Hvassafellsdals, sem gengur til suðvesturs úr Eyjafirði. –

[...] *Afréttarlönd* eru þar eiginleg: Almenningur svokallaður, á hvern 11 jarðir eiga frían upprekstur nefni[lega]: 1. Neðstaland í Bægisársókn, 2. Miðland, 3. Gloppa, 4. Gil, 5. Varmavatnshólar, 6. Bessahl[aðir], 7. Þverbrekka, 8. Háls, 9. Hraun, 10. Bakki og 11ta Skriða í Hörgárdal. Almenningur þessi inniheldur eiginlega; fyrrnefndan Almenning og Seldal, Öxnadalshéiði norðan til og fyrrnefndan Gilshjalla; þar hjá mega fleiri sveitarjarðir (sóknarinnar) brúka þennan almenning fyrir betaling; líka brúka hann nokkrir utansóknarmenn, til að m. úr Glæsibæjarhrepp, - Eiginlegar fjárskila- eða lögréttir eru þar 2, sú önnur niður frá bænum Þverá við Öxnadalsá, en hin við Vaská, sem fyrr er getið. Þar hjá eru brúkaðir til afrétta heimalöndin Hóla- og Þverárdalur, Vaskárdalur og þar viðliggjandi pláss, nefndar Gloppukinnar.[...]⁸³

Í sömu bók segir í kaflanum um Bægisár- og Bakkasókn:

Afréttarlönd úr sókninni eru á Þverár- og Hóladölum og svokölluðum Almenningi, sem liggur fram úr dalnum.

⁷⁵ Skjal nr. 2 (32).

⁷⁶ Skjal nr. 2 (20).

⁷⁷ Skjal nr. 2 (27).

⁷⁸ Skjal nr. 2 (93).

⁷⁹ Skjal nr. 2 (93).

⁸⁰ Skjal nr. 2 (93).

⁸¹ Skjal nr. 2 (93).

⁸² Skjal nr. 2 (93).

⁸³ „Bakkakirkjusókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 144, 149 og 151.

[...] [Bakkasókn]

[...] Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almennigur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Þelamörk, og innan úr Kráklingahlíð, [Kræklinga-].⁸⁴

Þann 29. maí 1888, á árlegu manntalsþingi Skriðuhrepps, mótmæltu eigendur Bakka landamerkjum jarðarinnar Hrauns, og fríum upprekstri þeirrar jarðar á Almennig, á Öxnadalsheiði:

Landamerki jordanna: a. Þúfnavalla, b. Þverbrekku, c. Efstalandskots, d. Hrauns, e. Háls, f. Varmavatnshóla. Eigendur Bakka mótmæltu hvad landamerki jordarinnar Hrauns snerti, að sú jörd ætti frían upprekstur á Almennig á Yxnadalsheiði.⁸⁵

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.

Einnig spurði hann:

Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um.⁸⁶

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur [Öxnadalshrepps] hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.⁸⁷ Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beðinn um að leyfa hreppsþúum að nota afréttina.⁸⁸

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almennigum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu

⁸⁴ Kristján Þorsteinsson. „Bægisár- og Bakkasókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 157 og 159.

⁸⁵ Skjal nr. 2 (83)a-b.

⁸⁶ Skjal nr 4 (43).

⁸⁷ Skjal nr 4 (43).

⁸⁸ Skjal nr. 4 (38).

tilheyrð eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.⁸⁹ Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.⁹⁰ Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.⁹¹

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrir verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.⁹²

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenni og Öxnadalsafrétt.⁹³

Almenningur.

Hér er enginn vafi á afréttarmörkum.

Rauðskriðuáin í austri, Vaská að norðan, Öxnadalsá að vestan frá ármótum Vasksár að Nautá, skiptir þar um nafn og heitir síðan Seldalsá.

Hún skiptir afréttarmörkum Seldals og Almenni allt til dalbotnins.

Þess ber að gæta, stutt neðan við dalbotninn skiptist Seldalsáin í tvær kvíslar. Vestari kvíslin liggur til suðurs, en hin til suðausturs.

Landið milli kvíslanna heitir Þorbjarnartungur og tilheira Almenni.

Austurmörk frammar Rauðskriðudals, takmarkast af Almenningsfjalli.

Hér er besta og land landstærsta afréttarlandið í Öxnadal. Ítala 600 fulornar kindur 15 hross.

Rauðskriðudalur ílla gróinn að vestanverðu og lélegasta beitolandið.

Landið frá Almenningsöxl að Rauðskriðuá heitir Rauðskriðukinnar, þær eru sundurskornar af giljum.

⁸⁹ Skjal nr. 2 (58).

⁹⁰ Skjal nr. 2 (59).

⁹¹ Skjal nr. 2 (60).

⁹² Skjal nr. 2 (60).

⁹³ Skjal nr. 4 (37).

Sæmilega vel grónar en mikið ber á lyngi.

Annað af landinu einkennist af þurrum skriðuhriggjum og vallendisgrundum. Ákjósanlegur sauðgróður.

Allt er landið þurt, utan smá flói á móti Bakkaseli. Öxnadalsheppur á Almanning, vísast til þess í landam.l. Gloppu. Vottorð oddvita Skriðuhrepps Júlíusar Hallgrímssonar, frá 16 maí 1883. Þar eiga eftirtaldar jarðir fríjan upprekstur:

Syðri-Bægisá sjá landamerkjál. frá 1 okt 1884.

Neðstaland sjá landam.l. frá 30 apríl 1891.

Miðland landam.l. frá 16 jan. 1883.

Efstaland landam.l. frá 1 ágúst 1884

Efstalandskot frá 1 ágúst 1884.

Steinsstaðir (Steinsstaðir 1) samkv. úttektaþók 1916.

Hólar samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar, 1702.

Geirhildargarðar sjá landam.l. 22 maí 1891.

Varmavatnshólar sjá landamerkjál. frá 30 apríl 1888.

Bessahlaðir sjá landam.l. frá 24 júní 1884.

Þverbrekka sjá landam.l. frá 1 maí 1888 og jarðabók Árna Magnússonar frá 1702, þar stendur:

Ítök sjöttungur lands á Almanning.

Háls sjá landam.l. frá 24 apríl 1888.

Um Skriðu í Hörgárdal stendur:

Frír upprekstur á Almanning austan Yxnadalsár fyrir geldfé. Landamerkjál. frá 1 maí 1885.

Hvort fleiri jarðir eigi hér fríjan upprekstur, verður ekki slegið föstu.

Í jarðabók Árna Magnússonar stendur um Hraun, Auðni, Hraunshöfða og Skjaldastaði, - frír upprekstur á Almanning.

Almanningur var einnig kallaður partur á Öxnadalsheiði austan Grjótár.

Ljóst er að nafnið Almanningur, hefur getað valdið ruglingi einkum ókunnugum.

Bakkakirkja átti Öxnadalsheiði, og auk Bakka eiga Auðnir og Hraun þar fríjan upprekstur.

Sagnir herma um fjárrekstra frá Skjaldastöðum og Hraunshöfða á Öxnadalsheiði

Með þetta í huga, set ég réttindi áður nefndra jarða (hjá Almenning) á Öxnadalshæði.⁹⁴

Almenningur er nú nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.5 Bakkasel

Bakki með Bakkaseli, Bægisá og Mikligarður eru nátengd afréttarréttindum á Öxnadalshæði. Í öndverðu tilheyrðu Bakka þar réttindi, og vísast til jarðakaflanna um Bakka, Bakkasel og Ytri-Bægisá hér aftur í þessu sambandi.

Bægisá syðri er nefnd í Landnámu. Auðólfur, sem Landnáma segir hafa numið Öxnadal ofan frá Þverá til Bægisár, bjó í Syðri-Bægisá.⁹⁵

Bægisá (ytri) er nefnd í Guðmundar sögu dýra árið 1197.⁹⁶

Björn Brynjólfsson handlagði Ólafi syni sínum, með bréfi frá 13. desember 1392, jarðirnar Syðri-Akra, Ytri-Akra, Brekku og fjórðung í Vika löndum í jafnaðar hlutskipti við systur sínar. Björn sagði Syðri Akra eiga:

... skoghar part fram a öxnadals hæidi. hris oc grafua giord vpp ad ræidgötum fram ad kuserpiss huammi oc ofuan at aamotum. jtem alla gellnæyta rextur fram fra wodum oc til kalldbaksaar aa oxnadals hæidi af græindum jordum.⁹⁷

Sömu upplýsingar eru tíundaðar í máldaga Akrakirkju eftir gömlum gjafabréfum og máldagaskráum sem spannar tímabilið frá 1382 til ca 1600.⁹⁸

Bakkakirkja átti hvorki land né ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar.⁹⁹ Það sama kemur fram í visitasíubók Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.¹⁰⁰

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar kemur fram að kirkjan á Bægisá eigi:

afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm.¹⁰¹

Sama máldagabók segir Miklagarð eiga:

Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggia gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl. sagdi rusti wtan ef ath mýklagardur ætti allar slægiur j hruthaga.¹⁰²

⁹⁴ Skjal nr. 4 (37).

⁹⁵ Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 259.

⁹⁶ *Sturlunga saga* I, Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útg. Reykjavík 1946, bls. 185, 186.

⁹⁷ DI III, bls. 484, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

⁹⁸ DI XII, bls. 28, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

⁹⁹ DI III, bls. 517-518, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

¹⁰⁰ DI IV, bls. 378; DI V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

¹⁰¹ DI V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

¹⁰² DI V, bls. 351, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

Í vísitasíum Bægisár frá [um 1585], 5. maí 1662, 4. maí 1685, 25. ágúst 1692, 22. september 1713 og 8. júlí 1749 kemur fram að kirkjan eigi afrétt í Öxnadal frá folaldareit og að grjótgörðum. Fram kemur einnig í vísitasíunni frá 1662 að Bægisá eigi Skriðu og í vísitasíunni frá 1685 er ekki talað um afrétt heldur skógarpart.¹⁰³

Í vísitasíum Bakka frá [um 1585], 1591, 1685, 1692, 1713, 1749, 1761, 1769 og 1791 kemur ekkert fram um landa eign eða ítök.¹⁰⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kemur fram að á Bakka sé kirkja sem sé „annecteruð“ með Bægisá. Einnig segir eftirfarandi:

Afrjettur er hjeðan á Öxnadalshéi frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi.

Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.

Skógur hefur hjer verið, nú er hann aldeilis eyddur.¹⁰⁵

Syðri-Bægisá á upprekstur á Almenníng á Öxnadal samkvæmt Jarðabókinni.¹⁰⁶ Þar er einnig greint frá því að Ytri-Bægisá sé kirkjustaður og beneficium. Afrétt á jörðin í Folaldareit, norðan til í Öxnadalshéi.

Afrjettar eður beititeig á staðurinn norðan til á Öxnadalshéi niður frá Grjóthryggjum, sem kallast almennilega Folaldareitur, og brúkar staðurinn þar nokkuð litla hestabeit í því nafni á sumardag. Grastekja er nokkuð lítil í sama landsplássi, sem ýmsir brúka í leyfisleysi.¹⁰⁷

Kirkjunni á Bægisá er eignaður afréttur í Öxnadal í prófastsvísitasíu frá 18. maí 1729.¹⁰⁸

Í óársettri lögfestu Hallgríms Eldjárnssonar (f. 1723/d.1779)¹⁰⁹ sem skráð er í kirkjustól Bægisár 1749-1841 stendur að jörðinni tilheyri afréttarreitur norðanvert á Öxnadalshéi frá Folaldareit og vestur að grjótgörðum.¹¹⁰ Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju þennan reit í bréfi til jarðarmatsefndar árið 1849.¹¹¹

Í jarðamati 1804 kemur fram að eyðihjáleigurnar Þórðargerði og Hofgerði séu tilheyrandi jörðinni Bakka.¹¹²

Þann 8. júní 1822, á almennu kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi að Glæsibæ í Kræklingahlíð, voru upplesnar tvær lögfestur og varðar önnur þeirra Ytri-Bægisá, land hennar og ítök:

¹⁰³ Skjöl nr. 2 (42), 2 (43), 2 (47), 2 (49), 2 (51) og 2 (54).

¹⁰⁴ Sbr. skjal nr. 2. (A.8. ónr. (Öxnadalshreppur)).

¹⁰⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X. Kaupmannahöfn. 1943/Reykjavík. 1987, bls. 151.

¹⁰⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, 162.

¹⁰⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 164.

¹⁰⁸ Skjal nr. 2 (109) a-b.

¹⁰⁹ *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. II. Tínt hefur saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1949, bls. 280.

¹¹⁰ Skjal nr. 2 (111) a-b.

¹¹¹ Skjal nr. 2 (126).

¹¹² Skjal nr. 2 (99).

4. Voru eptir vidkomanda beidni upplesnar 2 lögfestr, nefnilega Prests Sr. Sigurdar Sigurdssonar á Bæsá, af Dags Dato, hvarmed hann lögfestir Kirkiunnar að ytri Bæsá Land heima og annarstadar, með Jtökum hennar, Líka Kirkiujardarinnar Fagraness Land.¹¹³

Þann 21. maí 1840, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta, dagsett þann 12. júní 1792, í nafni Egils Tómassonar á Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka. Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum á manntalsþinginu, sem viðkemur Seldal og Öxnadalshéiði:

4. Upplesin Lögfesta í Egils Thómassonar nafni á jarðarinnar Bakka landi öllu, dagsett 12ta Júnii 1792 og útgefin af Sigurði Símonssyni Beck. Hreppstjórnir Sigurður Jónsson og Jóhann ~~Árnason~~ Pálsson [ofan línu] fyrir sína og allra þeirra hönd, sem við þetta eru riðnir, sem eru margir bændur í Öxnadal, prótosteruðu á móti þessari Lögfestu, að því leiti, sem áhrærir þann þarnefnda Seldal og Öxnadalshéiði m. fl. svo sem Grjótárdal að norðanverðu [ofan línu] og Kaldbaksdal að austanverðu.¹¹⁴

Ári síðar var svipað uppi á teningnum. Þann 8. júní 1841, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta eiganda jarðarinnar Bakka, er dagsett var 22. maí 1771. Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalshéiði og Seldal:

3. Logfesta af 22an Maji 1771 í Nafni hins núverandi Eigara jardarinnar Bakka i Yxnadal bónda Eigils Thomassonar, sem einnig Reqvirents, á tédrar jardar Túni, Eingjum, Uthaga etc. Bændurnir Sigurdur Jónsson á Nedstalandi, Sigurdur Sigurdsson á Þverbrekku, og [ofan línu] Jón Jónasson á stadnum prótosterudu þessa Logfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalshéiði og Seldal.¹¹⁵

Í sáttabók fyrir Hörgárdal, 24. apríl 1841, er getið um deilu milli eigenda Bakka og bóndans á Þverbrekku vegna nýtingar hluta Öxnadalshéiðar, almennings á Seldal. Egill Tómasson á Bakka telur að Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku:

skyldi ólöglega og ránglega hafa nota[d] sér part af Yxnadalshéiði sem klagandi meinar að vera Eign jardarinnar Backa.¹¹⁶

Endanleg sátt náðist ekki í málinu, þar sem menn vildu kanna nánar rétt eintak af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og byggja á því sem þar segði.

Tæpu ári síðar, þann 24. maí 1842, var lesinn upp hluti úr sömu lögfestu, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, og henni mótmælt sem fyrr:

15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr Lögfestu um Jardarinnar Bakka Landeign á Yxnadalshéiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22 Maji 1771 og er seinast þínglesin

¹¹³ Skjal nr. 2 (62)a-b.

¹¹⁴ Skjal nr. 2 (78) a-b.

¹¹⁵ Skjal nr. 2 (84) a-b.

¹¹⁶ Skjal nr. 4 (48).

á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sýsslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu „Folaldareit“ og fyrirbaud Eigill allra brúkun á því í þeim kabla nefndra plátsi. Eigli var þvínæst afhendt lögfestan áteiknud um Þinglýsingu tédrar greinar. Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Neðstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótosterudu enn sem fyrri þessa Lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lond þau á medan þau ekki eru Bakka tildæmd.¹¹⁷

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenning (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði. Egill hafði óskað aðstoðar amtmanns við að staðfesta sannleiksgildi útdráttar úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem amtmaður lét fylgja bréfinu. Amtmaður fór fram á að rentukammer sæi til þess að Egill fengi útdrátt af Jarðabókinni varðandi jarðirnar Bakka og Þverbrekku ásamt klausu um upprekstur sem væri að finna aftan við umfjöllun um jarðir í Skriðupingsókn. Rentukammerið sendi amtmanni umbeðinn útdrátt, með bréfi dagsettu 29. október 1842, og fól honum að koma honum áfram til Egils á Bakka. Það tekur ennfremur skýrt fram að það sé undir viðkomandi dómstólum komið að skera úr um sönnunargildi vitnisburðar Jarðabókarinnar varðandi umrædd réttindi.¹¹⁸

Á manntalsþingi, 24. maí árið 1842, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesinn partur úr lögfestu fyrir landareign jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði:

15. Eptir bón bóndans Egils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr lögfestu umm jardarinnar Bakka landeign í Yxnadals Heiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22. maji 1771 og er seinast þinglesin á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sýsslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu: „Folaldareit“. Og fyrirbaud Eigill allra brúkunn á því í þeim kabla nefnda plátsi. Eigli var þvínærst afhendt lögfestan áteiknud me[ð] þinglýsingu tédrar greinar: Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Nedstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótosterudu enn sem fyrri þessa lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lönd þau, á medan þau ekki eru Bakka tildæmd. [...] A. Sæmundsen eptir constitution, Th. Asmundsson, J. Jónsson, J. Jonasson, Þ. Hallgrímsson.¹¹⁹

Á manntalsþingi 22. maí 1848, að Skriðu í Hörgárdal, var lesin upp lögfesta fyrir heima- og afréttarlandi jarðarinnar Bakka, dagsett 12. júní 1792, eftir bón Egils

¹¹⁷ Skjal nr. 2 (85) a-b.

¹¹⁸ Skjal nr. 2 (113) a-b.

¹¹⁹ Skjal nr. 2 (122).

Tómassonar á Engimýri, sem var eigandi Bakka. Líka lét Egill upplesa útdrátt frá 29. október 1842, úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Vaðlasýslu og viðkemur innihald útdráttarins afréttarlandi jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði.¹²⁰

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Ytri-Bægisá eigi frían upprekstur á Öxnadalsheiði.¹²¹

Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju teig á Öxnadalsheiði í bréfi til jarðarmatsefndar árið 1849.¹²² Yfirmatsmennirnir fengu í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups 1461 ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðsstæða og folaldarekstur í Vaskárgili. Á öðrum stað í yfirmatinu er talað um þrætulandið Öxnadalsheiði sem sé talið frá Lurkasteini (þar eð máldagi Ólafs biskups eignu Miklagarði teig ofan frá nefndum steini milli garða eða heim að Gilslandi) og vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal. Heiðin sé grösug og kjarngott land en dalurinn snögglandur og víða framhlaupinn.¹²³

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá Agli Tómassyni bónda þar sem hann óskar þess að Öxnadalsheiði vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal sé metin með eignarjörð hans Bakka í samræmi við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eða að hún teljist að minnsta kosti sem þrætuland á milli Bakka og þeirra jarða er eignu sér frían geldfjárrekstur þangað samkvæmt Jarðabók Skúla Magnússonar en eftir því mati mun hafa verið farið við jarðamatið 1849.¹²⁴

Sama dag fengu yfirmatsmennirnir í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðstæða og sjö folalda rekstur í Vaskáröxl.¹²⁵

Býli var reist í Bakkaseli árið 1850, en áður var þar selstaða frá Bakka.¹²⁶ Bakkasel var upphaflega, eins og nafnið bendir til, sel frá Bakka. Egill Tómasson byggði þar bæ árið 1850. Bakkasel var fremsta byggða ból í Öxnadal og áningarstaður þeirra sem ferðuðust yfir Öxnadalsheiði.

Í vísitasíu Bægisár frá 22. júlí 1868 stendur:

Kirkjan á allt heimaland, Fagranes í Yxnadal, og eptir vísitazíu Steins biskups 1713, skógarpart hinum megin ár. Eptir máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar á hún afrjett í Auxnadals frá Folaldareit og að grjótgarðinum, (grjótgörðum). 2ia hrosa beit í Tungu land á veturnum.¹²⁷

¹²⁰ Skjal nr. 2 (123).

¹²¹ Skjal nr. 2 (114).

¹²² Skjal nr. 2 (126).

¹²³ Skjal nr. 2 (103).

¹²⁴ Skjal nr. 2 (103).

¹²⁵ Skjal nr. 2 (103).

¹²⁶ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I. Akureyri. 1993, bls. 528.

¹²⁷ Skjal nr. 2 (112).

Á manntalsþingi, 31. maí árið 1871, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin lögfesta Arnljóts Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins Daníelssonar, á Öxnadalshéiði að norðan, til Kaldbaksár og Grjótár. Hreppstjórinn, Páll Þórðarson, mótmælti lögfestunni með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafreitt, er þinglesin var árið 1870, með ummerkjum til Kaldbaksár og þvert yfir, með báðum Grjótárdölum.¹²⁸

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka. Í lýsingu Jónasar kemur fram að jörðin Ytri Bægisá eigi svokallaðan „Folaldareit“ innan téðra takmarka. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Bakka.¹²⁹

Landamerkjabréf fyrir Bægisárland var útbúið þann 23. maí 1885:

Afrjettur í Öxnadal frá Folaldareit og að Grjótvröðum. En fyrir því að menn hafa nú eigi lengi vitað, hvar ítak þetta liggur, hefur staðarpresturinn haft í notun þess, og það nú lengur enn um hundrað ár, mótmælalaust frían upprekstur fyrir allan geldpeninginn í Bakkaland á Öxnadalshéiði.¹³⁰

Arnljótur Ólafsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Ásmundssyni umboðsmanni Hamars.

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka:

[16. Bann frá Jónasi á Bakka um brúkun á landi er takmarkast: „að utan gardur utan við Sorlahol og úr honum beint til fjalls, að austan ræður Öxnadalssá, en að vestan ræður Grjótá og Kallbaksá, j[ö]rdin Ytri Bægisá á svo nefndan Folaldareit innan tjedra takmarka“.¹³¹

Í afsali Bakka frá 7. nóvember 1885 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel og að kirkja sé á jörðinni. Einnig er minnst á Skjaldastaði.¹³² Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns tilheyr þeir Bakkakirkju.¹³³

Landamerkjabréf fyrir Bakka var útbúið þann 20. maí 1886:

Jörðin á frían upprekstur fyrir fje á Yxnadalshéiði austan við Grjótá.¹³⁴

St. Jónsson og J. Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði sem eigandi Auðna og Hraunshöfða.

Í afsali Bakka frá 24. júní 1887 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel.¹³⁵ Landamerkjabréf Silfrastaða var útbúið 31. mars 1890.

Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

¹²⁸ Skjal nr. 2 (118).

¹²⁹ Skjal nr. 2 (63) a-b.

¹³⁰ Skjal nr. 2 (18).

¹³¹ Skjal nr. 2 (63) a-b.

¹³² Skjal nr. 4 (40).

¹³³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 150.

¹³⁴ Skjal nr. 2 (31).

¹³⁵ Skjal nr. 4 (41).

Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.

Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalshéiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.¹³⁶

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.

Bakkasel liggur að Silfrastaðaafrétt. Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallsegga beggja megin.

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.¹³⁷

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyásingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnstöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalshéiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur þfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir.¹³⁸

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælalabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Síðar í sama mánuði, þann 27. maí 1889, var hið árlega manntalsþing í Skriðuhreppi sett að Staðartungu, og voru þinglesnar landamerkjalyásingar 9 jarða, þar á meðal Bakkasels:

6. Landamerkjalyásingar: 1. Dunhagakots, 2. Skjaldastada, 3. Fagranes, 4. Hallfríðarstadakots, 5. Hallfríðarstada, 6. Audna, 7. Bakkasels, 8. Myrkar og Stóragerdis, 9. Myrkárdals.¹³⁹

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár:

¹³⁶ Skjal nr. 2 (30).

¹³⁷ Skjal nr. 2 (104).

¹³⁸ Skjal nr. 2 (61).

¹³⁹ Skjal nr. 2 (81) a-b.

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrijettt liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fletjardal Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrijettt liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrijettt, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrijetttina.¹⁴⁰

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni, eiganda Uppsala, og Sveini Friðrikssyni, ábúanda Ytrikota.

Í Bakkaseli var sett á fót greiðasala fyrir ferðafólk árið 1904.¹⁴¹

Á aukasveitarfundí Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.

Einnig spurði hann:

Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um. [...]¹⁴²

¹⁴⁰ Skjal 4 (36).

¹⁴¹ P. Ragnar Jónasson, Björn Þór Ólafsson, Hjörtur E. Þórarinsson, Bjarni E. Guðleifsson, *Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu frá Almenningsnöf að Öxnadalsheiði*, Árbók Ferðafélags Íslands 1990, bls. 202.

¹⁴² Skjal nr 4 (43).

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur [Öxnadalshrepps] hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.¹⁴³ Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beiðinn um að leyfa hreppsbúum að nota afréttina.¹⁴⁴

Í kaflanum um Bakkasel í fasteignamatinu 1916–1918 kemur eftirfarandi fram:

Jörðin er talin 4,4 hundr. með 1½ kúgildi. [...]

Lýsing jarðarinnar er á þessa leið:

Tún snöggland, að mestu sljett. Stærð talin 1,9 ha. Töðufall 40 hesta.

Engjar litlar og reitingslegar; gefa af sjer 50–60 hesta, af ljettingsheyi.

Búfjárhagar góðir fyrir allar skepnur að sumrinu, víðlendir og kjarngóðir, en snjóþungir. Jörðinni fylgir dálítið afrjettarland. Torfrista og byggingarefni slæmt. Frá jörðinni hefur verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalshéiði) og notaður sem afrjettur (af jarðareiganda?) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar. Jörðin liggur inn í dalbotni langt frá verslunarstað, og allir aðdrættir mjög erfiðir. Á jörðinni má framfleyta 1 kú 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.¹⁴⁵

Í kaflanum um Ytri-Bægisá í sama mati kemur fram að jörðin sé talin eiga upprekstur á Öxnadalshéiði.¹⁴⁶

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.¹⁴⁷ Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.¹⁴⁸ Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalssár í almenningsbotni. Áin er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. [...] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.¹⁴⁹

¹⁴³ Skjal nr 4 (43).

¹⁴⁴ Skjal nr. 4 (50).

¹⁴⁵ Skjal nr. 2 (93).

¹⁴⁶ Skjal nr. 2 (93).

¹⁴⁷ Skjal nr. 2 (58).

¹⁴⁸ Skjal nr. 2 (59).

¹⁴⁹ Skjal nr. 2 (60).

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.¹⁵⁰

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

Undanskilið sölunni er Öxnadalshreiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.¹⁵¹

Á fjórða áratug síðustu aldar deildu Öxnadalshreppur og Akrahreppur um heiðarpart líkt og eftirfarandi bréf frá Gísla Bjarnasyni til oddvita Öxnadalshrepps dags. 29. nóv. 1931 ber með sér:

Með bréfi dagsettu 12. maí síðastl. en meðteknu 26. þ.m. hefur þú tilkynnt mér að hreppsnefnd Öxnadals hafi lagt útsvar á sveitarsjóð Akrahr vegna heiðarpartins að upphæð kr 25,00 og á það að vera samkvæmt b. lið 8. gr. útsvarslaga.

Ég er hræddur um að hreppsnefnd hafi misskilið þessa grein eða þennan lið hennar, þegar hún lagði útsvarið á. Þar stendur hvergi að hægt sé að leggja slík gjöld á aðra sveitarsjóði, heldur er þar aðeins átt við menn, er hafa ítök eða ábúð á jörðum eða jarðarpörtum í öðrum sveitum, en hér getur ekki verið um slíkt að ræða.

Að vísu á sveitarsjóður Akrahr. þennan heiðarpart, en partur þessi hefur aldrei mér vitanlega verið metinn til sérstaks verðs, enda óvíst hvað hann er stór, því landamerki milli hreppanna á þessum parti voru útkljáð þegar Akrahreppur keypti Bakkasel.

Sveitarsjóður Akrahr. hefur leigt upprekstrarfélaginu hér, part þennan fyrir 20 króna árgjald. Það eru allar tekjur af honum er sveitarsjóður fær og að leggja 25 kr útsvar á 20 kr tekjur er nokkuð fjarri sanni, þótt álagning hefði verið lögleg, sem ég tel ekki sé.

Því bændur úr Öxnadal hafa líka afnot af heiðarpartinum fyrir afréttarpening sinn að sumrinu og greiða ekkert fyrir, og rýrir það mjög verðgildi hans.

Neita algjörlega að greiða útsvarið.¹⁵²

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.¹⁵³ Öxnadalshreiði er lýst með þessum hætti:

¹⁵⁰ Skjal nr. 2 (60).

¹⁵¹ Skjal nr. 4 (5).

¹⁵² Skjal nr. 4 (46).

¹⁵³ Skjal nr. 4 (37).

Öxnadalsheiði.

Austurmörk eru við núverandi girðingu Öxnadals- og Akra-hreppa á norðausturbrún heiðarinnar, og þaðan á fjall upp sitt hvoru megin.

Önnur mörk eru hin sömu og sýslumörkin, það er Grjótá af Grjótárdal og Kalbaksá af Kalbaksdal. Tilheira þessir dalir hvor um sig, hálfir afréttinni.

Þeir eru ílla grónir, og Grjótárdalur að mestu gróðurlaus einkum fremri hluti dalsins.

Sjálf er heiðin mjög votlend, eins og örnefnið, Flóinn, bendir til. Flóinn er vel gróinn, enda heyjað hér þegar Bakkaselsbændur höfðu beitarhús á heiðinni.

Í hlíðum ofar Flóanns taka við þurrir skriðuhryggir, sæmilega grónir neðantil en gróðursnauðir er til fjallanna dregur.

Ítala 300 fjár fullorðið 12 hross. Afrétturinn er talin eign Akrahrepps síðan Jón Jónsson bóndi á Flugumýri seldi ríkissjóði jörðina Bakkasel 8/12 1928. Tók hann þá afrétt Bakkasels á Öxnadalsheiði undan jörðinni og seldi Akrahreppi.

Telja margir slíka sölu lögleisu, vegna ítaka jarða, og sýslumarka.

Þar eiga þessar jarðir ítök: Ytri-Bægisá í Glæsibæjarhr. fríjan upprekstur fyrir tryppi, kallað í Folaldareit.

Bakki fríjan upprekstur sjá landam.l. frá 8/3 1889.

Hraun fríjan upprekstur á almenning austan Grjótár á Öxnadalsheiði og grasatekju án borgunar. (landam.l.)

Auðnir sjá landam.l. frá 11 maí 1888.

Skjaldastaðir og Hraunshöfði ráku á Öxnadalsheiði áður fir. Jarðabók Á.M. talar um fríjan upprekstur jarðanna á Almenning. Vafalaust átt við Almenning á Öxnadalsheiði.

Telja verður rétt að hafa þær jarðir með.

Um Skjaldastaði stendur í úttektafbók frá 1916, jörðin er talin eiga fríjan upprekstur á áfrétt.¹⁵⁴

Í Lýsingu Eyjafjarðar stendur:

Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“.

¹⁵⁴ Skjal nr. 4 (37).

Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrir en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.¹⁵⁵

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalshéiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrir og við sölu halda þeir eftir landi.¹⁵⁶

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* frá 1973 segir um Bakkasel:

Bakkasel var fremsti bær í hreppnum [Öxnadalshreppi]. Gamli bærinn var sunnan Nautár, undir suðurbrún heiðarinnar, og því nokkru sunnar en nýja húsið var reist, það sem enn stendur. Öldum saman hefur aðal-samgönguleið milli Suður- og Norðurlands legið um Öxnadalshéiði. Er hún um 20 km milli byggða. Var því mörgum ferðamanni, sem leið átti yfir hana, kærkomin hvíld og hressing í Bakkaseli. Húsakynni voru lítill torfbær og því nokkrum erfiðleikum bundið að taka á móti ferðamönnum, einkum eftir að mánaðarlegar pósthafar höfust á milli Akureyrar og Staðar í Hrutafirði. Voru þá oft ferðamenn með póstinum auk fylgdarliðs hans. – Því var það, að bóndinn á Bakka, Sigurður Jónasson, dóttursonur Egils og annar eigandi jarðarinnar, byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það var fyrsti vísir að gistihúsrekstri þar. Auk þess hafði hann þar um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur á Bakka.¹⁵⁷

Fram kemur í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* frá 1990 að byggð hafi verið samfelld í Bakkaseli frá aldamótunum 1900 fram til 1960 þegar bærinn fór í eyði, að öðru leyti en því að bærinn var í eyði 1904–1906, 1908–1909 og 1945–1946. Þar segir:

Bærinn stóð fyrrum neðst undir brekkurótinni, sunnan Nautár og sem kemur af Öxnadalshéiði og sjást þar enn rústir gamla bæjarins. [...] Býli var reist í Bakkaseli árið 1850 en þar var áður selstaða frá Bakka. Bakkasel var fremsti bær í Öxnadal og var við þjóðbrautina um Öxnadalshéiði yfir í Skagafjörð en

¹⁵⁵ *Lýsing Eyjafjarðar*, 16.

¹⁵⁶ Skjal nr. 4 (47).

¹⁵⁷ *Byggðir Eyjafjarðar*, I. bindi, 1973, bls. 275.

árið 1904 var hafin þar greiðasala. Árið 1929 var bærinn fluttur norður þangað sem núverandi bygginar standa, en þær eru raunar í Gilslandi.¹⁵⁸

Það landsvæði sem krafa er gerð til vegna Bakkasels í máli þessu er nú nýtt sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð og Akrahreppi, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

¹⁵⁸ *Byggðir Eyjafjarðar*, fyrra bindi 1990, bls. 528–529.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni
sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði
sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um
eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.¹⁵⁹ Loks verður fjallað
um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður
óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir
og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í
málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við.
Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem
viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með
úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr
úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á
einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar
niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem
almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra
niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar
byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun
um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið
felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast
þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki
fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun
Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því
hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá
11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall
og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

¹⁵⁹ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands,
örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í
vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.¹⁶⁰ Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

¹⁶⁰ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.3 Vaskárdalur

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Vaskárdals gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir er dalur sem hefur leguna norðvestur – suðaustur og liggur í yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli. Rennur Vaská eftir dalnum til norðvesturs. Undirlendi Vaskárdals er gróið og nær gróðurinn upp með hlíðum hans. Dalurinn er allbrattur og ná hlíðar hans í allt að 1000 m hæð.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almanningur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Vaskárdal er á því byggt að hann sé afréttur sem ekki hafi stöðu jarðar að lögum. Óljósar heimildir séu um Vaskárdal þó svo að greint sé t.d. frá því í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar*, fyrra bindi, frá árinu 1990 að Vaskárdalur hafi verið numinn af Vaski sem hafi reist þar bú. Telja verði að tengsl eignarheimildar og sögu séu óljósar. Vísað er í frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um að Vaskárdalur hafi verið afréttur og heyrt undir Stóradal. Af frásögninni megi ráða að svæðið hafi haft sérstaka eignarréttarlega stöðu og í eigu jarðar fjarri heimajörð.

Tekið er fram að við upphaflega þjóðlendukröfu hafi verið miðað við ætluð merki Gloppu og að þau næðu að Vaská til suðurs, svo sem ráða mætti af landamerkjabréfi Gloppu. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins. Þjóðlendukröfulínu ríkisins hafi verið hnikað til samræmis við merkjalínu í kröfugerð vegna Gloppu. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist

innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður. Talið hafi verið að lýstum merkjum Gloppu væri fylgt í hinni upphaflegu kröfulýsingu en í ljós hafi komið að svo hafi ekki verið og kröfunum því breytt til samræmis við þau.

Krafa gagnaðila ríkisins er reist á þinglýstum eignarheimildum og landamerkjabréfum nærliggjandi jarða og öðrum skráðum eignarheimildum. Á því er byggt að Vaskárdalur hafi ávallt verið sérgreind eign og gengið kaupum og sölum. Hver sem átt hafi dalinn hverju sinni hafi nýtt hann sjálfur fyrir sitt bú og rekstur en aldrei hafi verið um að ræða almenning eða afrétt í þeim skilningi. Vísað er til þess að eignarheimildir eigenda Vaskárdals hafi verið taldar gildar í viðskiptum manna á milli og hafi fengið staðfestingu stjórnvalda hverju sinni og ennfremur til viðskiptavenju.

Bent er á að Vaskárdalur sé afmarkaður af fjallsbrúnum. Hann hafi verið beitiland sem hafi falið í sér talsverð verðmæti. Önnur afréttarlönd hafi fylgt jörðum, oftast fleiri en einni, og verið mörg hver til almennra afnota. Teljist það vera afréttur í skilningi laga. Vaskárdalur sé sambærilegur við Blikdal á Kjalarnesi sem Hæstiréttur dæmdi um í máli nr. 92/1995.

Breyttum kröfulínum ríkisins er sérstaklega mótmælt. Því er haldið fram að breytingarnar séu stórfelldar og fráleitt sé að þær komist að í skjóli fyrirvara sem gerður hafi verið í hinni upphaflegu kröfugerð. Ekki sé verið að hnika til kröfulínu heldur sé um að ræða stórfellda færslu sem leiði til þess að mestallur Vaskárdalur sé nú innan þjóðlendukröfusvæðis. Ekki sé unnt að fallast á skýringar íslenska ríkisins að þessu leyti og beri að hafna hinum auknu og breyttu kröfum, enda séu þær of seint fram komnar.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Vaskárdals er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Ekki liggja fyrir heimildir um byggð í Vaskárdal en hans er einkum getið í tengslum við beitarnot jarða sem liggja aðskildar frá dalnum. Ljóst er að Vaskárdalur hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.¹⁶¹ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendar á vestanverðu

¹⁶¹ Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo:

[E]r haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt).

Í röksemdum fyrir kröfulínunni, að því leyti sem hún snerti það svæði sem hér er til umfjöllunar, kom eftirfarandi fram: „Úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36), í samræmi við merkjalýsingu Gloppu.“

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt umræddri breytingu á kröfugerð og telja hana óheimila. Ekki sé verið að hnika til kröfulínu heldur sé um að ræða stórfellda færslu sem leiði til þess að mestallur Vaskárdalur sé nú innan þjóðlendukröfusvæðis. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður. Talið hafi verið að lýstum merkjum Gloppu væri fylgt í hinni upphaflegu kröfulýsingu en í ljós hafi komið að svo hafi ekki verið og kröfunum því breytt til samræmis við þau.

Í landamerkjabréfi Gloppu sem dagsett er 16. janúar 1883 og þinglesið 29. maí 1884 segir um suðurmörk Gloppu: „Að sunnan ræður Vaská.“ Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var 800 m hæðarlínu fylgt inn austanverðan Vaskárdal og sömu hæðarlínu fram dalinn vestanverðan í Rauðuskriðukinnar. Í kröfugerðinni, eins og hún liggur nú fyrir, er suðurmerkjum Gloppu hins vegar fylgt til vesturs í Vaská og Vaská síðan til norðurs í Öxnadalsá. Kröfulínan færir um leið norðar með þeim afleiðingum að sá hluti kröfusvæðis Vaskárdals sem liggur norðvestast og er láglandastur fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem fylgt er 800 m hæðarlínu um Vaskárdal. Verður með engu móti

fundin stoð fyrir þeirri línu í tilvitnuðum texta í landamerkjabréfi Gloppu og er því haldlaus sú skýring að kröfugerðin hafi frá upphafi fylgt ætluðum merkjum Gloppu.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalysinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Vaskárdals.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málalíbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Vaskárdal í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.¹⁶² Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í 800 m hæð úr botni Gloppugils suður í botn Vaskárdals og þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og loks í beina stefnu í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk (800 m hæðarpunkt).

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um landamerki Vaskárdals. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins, enda fellur það samkvæmt afmörkun gagnaðila ríkisins að mestu leyti innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins. Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Vaskárdal eða heimildir um afmörkun svæðisins frá því fyrir tíma landamerkjabréfa. Það er fyrst í afsali Rúts Þorsteinssonar fyrir helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps, sem dagsett er 22. janúar 1980 og gagnaðilar ríkisins hafa lagt fram í máli þessu, að finna má lýsingu á mörkum Vaskárdals. Litið verður til þeirrar afmörkunar sem þar kemur fram og heimilda um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki Vaskárdals verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í fyrrnefndu afsali, dags. 22. janúar 1980, er merkjum Vaskárdals lýst svo:

¹⁶² Sjá viðauka.

Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðuskriðuá að vestan, Að [svo] sunnan Rauðuskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðskriðudals. [svo] Að austan fjallsraninn að Melrakkaöxl og að norðan Melrakkaöxl og þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals.

Norðan kröfusvæðis Vaskárdals er land jarðarinnar Gloppu. Í landamerkjabréfi Gloppu, sem dagsett er 16. janúar 1883 og þinglesið 29. maí 1884, er um suðurmörk miðað við Vaská og Melrakkaá. Landamerkjabréfið var ekki áritað vegna Vaskárdals. Vestan kröfusvæðis Vaskárdals er kröfusvæði Almennings, sem fjallað er um í kafla 6.4, en ekki er til landamerkjabréf né aðrar heildstæðar merkjalýsingar fyrir það landsvæði.

Austan og suðaustan kröfusvæðis Vaskárdals eru jarðirnar Litli-Dalur og Kambfell í Eyjafjarðarsveit. Í landamerkjabréfi Litla-Dals, sem útbúið var 18. maí 1885 og þinglesið sama dag, er merkjum lýst eftir Djúpadalsá og Hagaá á fjall upp en því er ekki lýst hvernig mörkin skuli dregin að vestanverðu. Í landamerkjabréfi Kambfells frá 27. maí 1885, sem þinglýst var samdægurs, er merkjum þeirrar jarðar lýst um Hagá að norðan og Hrauná að sunnan en því er ekki lýst hvernig mörkin skuli dregin að vestanverðu. Landamerkjabréf Litla-Dals og Kambfells voru ekki árituð vegna Vaskárdals. Krefjendur beins eignarréttar að Vaskárdal í máli þessu draga kröfulínu sína að austan og suðaustan á sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar á háfjallinu. Ekki verður því séð að afmörkun þeirra á Vaskárdal skarist við merki Kambfells eða Litladals eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra jarða.

Samkvæmt því sem að framan er rakið fellur sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar utan merkjalýsinga í landamerkjabréfum á þessu svæði, þ.e. Gloppu, Litla-Dals og Kambfells. Því verður ekki séð af þessum heimildum að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á kröfusvæði Vaskárdals skarist við merki aðliggjandi fasteigna. Hún fær einnig samrýmst þeirri afmörkun sem fram kemur í afsalinu frá 1980. Loks er hér til þess að líta að enginn ágreiningur er meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að merkjum sé rétt lýst af hálfu gagnaðila ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Vaskárdals, sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Í þeim heimildum sem raktar eru í kafla 5.3 er Vaskárdals jafnan getið sem afréttar. Í afsali fyrir hálfu Skriðulandi frá árinu 1375, er getið um „lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa“. Óljóst er hvort þar er að einhverju leyti átt við það svæði sem hér er til umfjöllunar eða einungis landsvæðið Almennings sem fjallað er um í kafla 6.4. Yngri heimildir taka hins vegar ótvírætt til ágreiningssvæðisins. Þannig er í máldagabókum frá 1461 og síðar getið um folaldarekstur í Vaskáröxl. Þá kemur fram í umfjöllun um Djúpadal/Stóradal í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1712 að jörðin eigi Vaskárdal „en engin not hefur jörðin þessa afrjettar, en áður hafa þángað verið reknir hestar á

sumur.“ Vaskárdalur er einnig nefndur afréttur í fyrirliggjandi heimildum frá árinu 1794 til ársins 1940. Þar á meðal er afsalsbréf, dags. 7. júní 1841, þar sem talað er um „afréttarlandid Vaskárdal innast Yxnadal“. Í málinu liggur fyrir óslitin framsalsröð fyrir Vaskárdal aftur til þess tíma. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Vaskárdalur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt. Telja verður að það séu slík réttindi sem í raun hafi gengið manna í millum með afsöllum, a.m.k. frá árinu 1841, en að öllum líkindum mun lengur, sbr. m.a. það að Vaskárdalur heyrði undir Djúpadal/Stóradal samkvæmt *Jarðabókinni* 1712. Í afsölunum gat ekki falist víðtækari eignarréttur afsalshöfum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa, sbr. dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Biskupstungnaafréttur norðan vatna) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlæsi þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Vaskárdal liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli nr. 3/2008 og afmörkun þjóðlendukrafna íslenska ríkisins á svæði 7 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Vaskárdals hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Vaskárdalur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹⁶³ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir

¹⁶³ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

lagt fram kröfur en Einar S. Valbergsson og Hörgárbyggð. Þau eru skráðir eigendur Vaskárdals samkvæmt þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og byggja rétt sinn á afsöllum, en í málinu liggur fyrir óslitin framsalsröð fyrir Vaskárdal aftur til ársins 1841.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Vaskárdalur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjarfjarðarsveitar og eftir sveitarfélagamörkum í Melrakkaöxl og áfram eftir fjallsrananum og sveitarfélagamörkum að merkjum Gloppu (punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skv. greinargerð, dags. 27. ág. 2008). Þaðan er kröfulínu ríkisins fylgt þar til hún sker 800 m hæðarlínu gengt Melrakkaá. Hæðarlínunni sem jafnframt er upphafleg kröfulína ríkisins er síðan fylgt að upphafspunkti milli Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls.

Sama landsvæði er í afréttareign Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.4 Almennigur

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Hörgárbyggð gerir kröfu til sem eignarlands vegna Almennings. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður – suður og liggur í yfir 400 m hæð. Seldalsá afmarkar það að vestan og rís land skarpt upp til austurs í um 1000 m hæð á Almenningsfjalli. Austur undir Almenningsfjalli sker Rauðuskriðudalur sig inn í landið en upp af honum er land hallaminna með fönnum.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars

en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan Þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti Þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almennigur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem Þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Almennig er byggt á því að afréttarsvæði þetta hafi verið nýtt sameiginlega af jörðum í hreppnum til upprekstrar. Svæðið hafi ekki stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti heldur teljist til afréttarsvæða og sé samnotaafréttur. Um þetta er vísað til lýsinga ýmissa jarða í hreppnum þar sem lýst sé sameiginlegum afrétti á svæðinu þ.á m. landamerkjabréf og aðrar heimildir vegna Bakka, Syðri-Bægisár, Neðstalands, Miðlands, Efstalands, Steinsstaða, Engimýrar og Geirhildargarða svo einhverjar séu nefndar.

Þess er getið að í upphaflegri kröfugerð ríkisins sé fylgt hæðarlínu í Rauðuskriðukinum, en þeirri kröfugerð hafi verið breytt þannig að kröfulínan miðist við Öxnadalsá. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð, en verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti. Landeigendur hafi athugasemdalausar þinglýstar eignarheimildir fyrir eignum sínum. Einnig er byggt á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Vísað er til heimilda um landnám, sérstaklega þess sem greini um landnám einstakra manna í Eyjafirði. Af þeim megi ráða að Öxnadalur hafi allur verið numinn í öndverðu og þar með talið land Almennings. Þá sé land Almennings að hluta til láglent og gróðursælt auk þess sem það sé umlukið jörðum. Engin rök standi til þess að telja að landið hafi ekki verið numið í öndverðu.

Vísað er til greinar Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings í ársriti Fasteignamats ríkisins frá árinu 2001 þar sem m.a. fjallað sé um eignarréttarlega stöðu almenninga. Þar segi að í Grágás hafi verið gerður munur á ónumdu landi og almenningum en einnig að almenningar hafi verið land, en ekki ítak í eigu fjórðungsmanna. Skýr greinarmunur sé gerður á almenningum og afréttum, þar sem almenningar séu taldir eignarland. Það landsvæði sem hér um ræðir falli vel við þessa skýringu. Í greininni sé einnig komist að þeirri niðurstöðu „að ekki verði í ljósi lögbókanna fornu eða annarra réttarsögulegra heimilda fullyrt fortakslaust að

afréttareign hafi einungis falið í sér beitarítak og e.t.v. einhver önnur takmörkuð afnot lands sem annaðhvort var eigendalaust eða í eigu ríkisins.“

Byggt er á því að mikilvægt sé að gera greinarmun á afréttum sveitarfélaga og eignarafréttum er tilheyri ákveðnum jörðum. Löggjöf sem fari í bága við eignarrétt manna á afréttum standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Löggjafinn hafi tekið þá afstöðu að á þessu sé munur. Einnig er vísað til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* varðandi þennan greinarmun. Í ljósi eldri heimilda um landsvæðið, nýtingar þess og framkomu ríkisins gagnvart landeigendum, bæði með samningum og skattlagningu, teljist landsvæðið einkaafrehtarland hreppsins og hafi ekki stöðu almenningsafréttar.

Loks er breyttri kröfugerð ríkisins mótmælt.

6.4.3 Niðurstæða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Almennings er rakin í kafla 5.4 hér að framan, sbr. einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á Almenningi en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.¹⁶⁴ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo: „[Í] Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt)“.

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4)

¹⁶⁴ Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt umræddri breytingu á kröfugerð og telja hana óheimila. Ekki sé um að ræða leiðréttingu á staðsetningu kröfulínu á korti heldur efnislega breytingu á kröfugerðinni. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður.

Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfulínan færir því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglandasti hluti kröfusvæðis Almennings fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem línan er dregin beina stefnu milli 800 m hæðarpunkta í Rauðuskriðukinum og Kaldbakshnjúki.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Almennings.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málalíbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Almenningsi í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.¹⁶⁵ Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í

¹⁶⁵ Sjá viðauka.

Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og þaðan beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Almennings. Athugun þessi tekur til merkja svæðisins til vesturs, austurs og suðurs, þ.e. að því leyti sem þau snerta ágreiningssvæði málsins. Í því sambandi verður meðal annars litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en ekki er til landamerkjabréf eða aðrar sjálfstæðar merkjalýsingar fyrir Almennung. Vestan kröfussvæðis Almennings eru Seldalur og Seldalsfjall sem krafa er gerð til sem eignarlands tilheyrandi Bakkaseli. Að norðaustan, handan Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls, er svæði sem krafa er gerð til sem eignarlands Vaskárdals. Að sunnan og suðaustan eru sveitarfélagamörk Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar og handan þeirra landsvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2008 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.3 um Hvassafellsdal.

Í landamerkjabréfi Bakkasels sem dagsett er 8. mars 1889 og var þinglýst 27. maí sama ár segir: „Að austan ræður Yxnadalsá.“ Bréfið var ekki áritað vegna Almennings. Eins og rakið er í kafla 6.5 um Bakkasel er því haldið fram af hálfu þeirra sem telja til eignarréttar yfir Bakkaseli að örnefnið Öxnadalsá sé gjarnan notað um Seldalsá. Hið sama kom fram við skýrslutökur í málinu. Þó að ekkert liggi frekar fyrir um þá notkun örnefnisins Öxnadalsá rennir þetta stoðum undir að Seldalsá renni á vesturmörkum Almennings. Ekki er til landamerkjabréf fyrir Vaskárdal en eins og rakið er í kafla 5.3 er merkjum Vaskárdals lýst í afsali sem dagsett er 22. janúar 1980. Þar segir að Melrakkaá og Rauðuskriðuá ráði að vestan og Rauðuskriðufjall að sunnan milli Vaskárdals og Rauðuskriðudals. Afmörkun afsalsins á vestur- og suðurmörkum Vaskárdals samræmist afmörkun gagnaðila ríkisins á Almennungi til austurs. Það að land Almennings nái allt suður að sveitarfélagamörkum milli Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar sækir einnig stoð til *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 en þar segir um Almennung: „[...] hann liggur framm af byggðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar“.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum landsvæðisins. Þá eru eldri heimildir fáorðar um afmörkun þess. Heimildir um merki aðliggjandi landsvæða renna þó stoðum undir að Seldalsá marki Almennung til vesturs og Rauðuskriðuá og Rauðuskriðufjall til austurs. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að heimildir um merki aðliggjandi landsvæða mæli þeirri afmörkun Almennings sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í máli þessu, ekki í mót. Þá er afmörkunin óumdeild meðal gagnaðila ríkisins. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að merkjum sé rétt lýst af hálfu gagnaðila ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Almennings, sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Þegar Almennings er getið í skriflegum heimildum er

það tengt upprekstri og afréttarnotum. Þannig kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1712 að frá sérhverjum bæ í Öxnadal, utan Þverbrekku sem þar eigi ítak, sé upprekstur fyrir lömb á Almanning. Þar er sömuleiðis getið um grasatekju á Almanningi. Einnig segir: „Ómögulegt væri hjer byggð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi“. Þá er í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um einstakar jarðir í Skriðupingsókn, einkum þær í Öxnadal en einnig Skriðu í Hörgárdal, getið um „upprekstur“ á Almanning. Þá kemur fram í heimildum frá 18. öld að slíkur réttur tilheyrir Bægisá í Glæsibæjarhreppi. Hinum forna Skriðuhreppi var árið 1910 skipt upp í samnefndan hrepp og Öxnadalshrepp. Árið 2001 sameinuðust Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur og Glæsibæjarhreppur í Hörgárbyggð.

Í upplýsingum sem Sýslumaðurinn á Akureyri sendi frá sér 1. ágúst 1979, vegna fyrirspurnar, er Almanningur talinn upp meðal afréttarlanda í sýslunni og getið um hvaða jarðir eigi þar upprekstur. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd að Almanningur sé nú notaður til sumarbeitar fyrir búfénað eigenda jarða í Hörgárbyggð.

Af framangreindu verður ráðið að búfjáreigendur í Öxnadal og víðar á því svæði sem nú tilheyrir Hörgárbyggð hafi haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.¹⁶⁶ Ekki verður annað séð en að fyrirkomulag leita hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Almanningur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Almanningi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2008 og afmörkun þjóðlendukrafna íslenska ríkisins á svæði 7 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

¹⁶⁶ Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Almenninn sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹⁶⁷ Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið afréttur jarða sem nú tilheyra Hörgárbyggð.

Hörgárbyggð hefur í máli þessu gert þá varakröfu að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, teljist einhver hluti landsins þjóðlenda. Eins og venja er í þessum málum verður kröfugerðin skilin þannig að þessi krafa sé höfð uppi vegna jarða í sveitarfélaginu. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem nefnt er Almenninn, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur að vestan er þar sem Seldalsá sker línu sem dregin er beina stefnu frá 800 metra hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum (punkti nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbaksdal (punkt nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Þaðan er Seldalsá og síðan Vestari kvísl Seldalsár fylgt allt til dalbotnsins og þaðan upp að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Upphafspunktur að austan er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu vegna Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línun dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin milli þeirra punkta á sveitarfélagamörkum

¹⁶⁷ Sbr. einnig lokakafli í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

sem nefndir voru. Að norðan ræður bein lína milli upphafspunkts að vestan og upphafspunkts að austan.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Hörgárbyggð, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

6.5 Bakkasel

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem eignarlandskrafa er gerð til vegna Bakkasels. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður – suður og liggur í yfir 400 m hæð. Rennur Seldalsá að austanverðu og hallar landi skarpt upp til vesturs í yfir 1000 m hæð. Að vestanverðu er Kaldbaksdalur og hallar landi skarpt upp til austurs. Nyrst á fjallinu milli Seldals og Kaldbaksdals liggur Kaldbakshnjúkur 1071 m. Inn af Seldal liggja Þorbjarnartungur. Upp af dalnum er land hallalítið með fönnum á stöku stað.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almanningur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Seldal (Seldalsfjall) er byggt á því að um sé að ræða svæði sem ekki lúti beinum eignarrétti og teljist til afréttar og eftir atvikum lúti aðeins óbeinum eignarrétti annarra. Hafnað er kröfu Bakkasels sunnan Öxnadalsár en talið er að svæðið, sem talið hafi verið falla undir Bakka, hafi eingöngu haft stöðu afréttar og hafi verið aðskilið frá heimajörð af Öxnadalsá. Um þetta er vísað til eftirfarandi

Lýsingar *Jarðabókar* vegna Bakka: „Afrjettur er hjedan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi.“ Þá teljast heimildir Bakkasels sunnan Öxnadalsár óljósar.

Þess er getið að í upphaflegri kröfugerð ríkisins hafi verið á því byggt að fylgt væri merkjum Bakkasels, að því er þetta svæði varðar, en samkvæmt kröfulýsingu Bakkasels miðist suðurmerkin við Öxnadalsá, en teljast ekki ná suður fyrir hana. Af hálfu ríkisins hafi kröfulínu verið breytt og miðist hún nú við Öxnadalsá. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá eigendum.

Vísa þeir til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi, sem hér um ræðir, þ.e. allra lögskipta manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi er einnig ítrekað að gengið sé út frá venjurétti, sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja Bakkasels, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum Bakkasels, þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum verið þinglýst athugasemdalaust.

Því er haldið fram að ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Bakkasels sé ekki beinum eignarrétti háð. Landamerkjabréf jarðarinnar sé þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Bakkasels og aðliggjandi jarða og sveitarfélaga. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi og verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á

hverjum tíma. Verði einnig að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum væri rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald sitt þegar litið hafi verið til athafna eða athafnaleyfis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Loks er breyttri kröfugerð ríkisins mótmælt.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Bakkaseli er rakin í kafla 5.5 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að Bakkasels er fyrst getið í heimildum frá 19. öld. Þar mun byggð hafa hafist árið 1850 og staðið nær samfellt til ársins 1960. Landsvæðið sem hér er deilt um er nú nýtt sem beitiland fyrir sauðfé en málsaðila greinir á um hvort það falli innan marka jarðar.¹⁶⁸

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo:

[Í] Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40).

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).

Þann 10. nóvember 2008 var kröfugerðinni breytt aftur þannig að nú segir: „[...] Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að upptökum beint til vesturs að sýslumörkum (4).“

¹⁶⁸ Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt þeirri breytingu á kröfugerð ríkisins sem fram kom 27. ágúst 2008 og telja hana óheimila. Ekki sé um að ræða leiðréttingu á staðsetningu kröfulínu á korti heldur efnislega breytingu á kröfugerðinni. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður.

Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfulínan færir því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglendasti hluti kröfusvæðis Bakkasels fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem línan var dregin beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt í Kaldbakshnjúki og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Almennings.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim máltilbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Bakkaseli í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.¹⁶⁹ Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu

¹⁶⁹ Sjá viðauka.

landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu vestur í Kaldbaksá.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Bakkasels. Athugun þessi tekur til merkja svæðisins til vesturs, austurs og suðurs, þ.e. að því leyti sem þau snerta ágreiningssvæði málsins. Í því sambandi verður einkum litið til landamerkjabréfs Bakkasels en engar eldri heimildir eru til um afmörkun svæðisins. Einnig verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Austan kröfusvæðis Bakkasels er kröfusvæði Almennings, handan Seldalsár. Að vestan er Kaldbaksá og handan hennar kröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins í máli nr. 4/2008 vegna Silfrastaðaafréttar. Að sunnan og suðaustan eru sveitarfélagamörk Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar og handan þeirra landsvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2008 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.4 um afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar.

Landamerkjabréf Bakkasels er dagsett 28. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár. Þar er merkjum lýst svo: „Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Bréfið var aðeins áritað vegna jarðarinnar Gils sem liggur norðan kröfusvæðis Bakkasels.

Í landamerkjabréfinu er merkjum Bakkasels þannig lýst til norðurs, austurs og vesturs. Þau norðurmörk sem þar er lýst eru utan ágreiningssvæðis máls þessa. Fram kemur í bréfinu að „Yxnadalsá“ (Öxnadalsá) ráði merkjum til austurs. Við skýrslutökur í máli þessu kom fram að örnefnið Öxnadalsá sé gjarnan notað um Seldalsá en hún rennur um Seldal á austurmörkum þess landsvæðis sem hér er gerð eignarlandskrafa til vegna Bakkasels. Þá kemur fram í landamerkjabréfinu að Grjótá og Kaldbaksá ráði vesturmerkjum. Þær renna báðar í Heiðará á Öxnadalsheiði, Grjótá norðan frá en Kaldbaksá sunnan frá, á vesturmörkum eignarlandskröfusvæðis vegna Bakkasels. Þessi merkjalýsing bendir því til þess að með landamerkjabréfinu hafi bæði verið afmarkað landsvæði norðan og sunnan dalsins sem liggur milli Seldalsfjalls að sunnan og Heiðarfjalls að norðan. Það rennir frekari stoðum undir að með örnefninu „Yxnadalsá“ í bréfinu sé átt við Seldalsá.

Í landamerkjabréfinu er suðurmerkjum Bakkasels ekki lýst. Því er heldur ekki lýst hve langt til suðurs Kaldbaksá og „Yxnadalsá“ ráði merkjum að vestan- og austanverðu. Landamerkjabréfið er því óljóst að þessu leyti og eldri heimildir eru ekki fyrir hendi um afmörkun Bakkasels.

Vegna þeirra annmarka sem eru á landamerkjabréfi Bakkasels og hér hefur verið lýst verður krafa gagnaðila ríkisins um beinan eignarrétt að landi sunnan

upphaflegrar kröfulínu íslenska ríkisins, sem dregin var frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu vestur í Kaldbaksá, ekki byggð á bréfinu. Gagnaðilar ríkisins byggja heldur ekki á neinum öðrum haldbærum heimildum um afmörkun Bakkasels og hafa ekki sýnt fram á að afmörkun Bakkasels sé með þeim hætti sem þeir halda fram. Um önnur atriði sem krafan er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem til umfjöllunar er, þ.e. sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Bakkasels var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem rakið hefur verið hér að framan telur óbyggðanefnd bréfið óglögg um mörk Bakkasels til suðurs þannig að því verður ekki slegið föstu að það taki að neinu leyti til þess landsvæðis sem hér er til skoðunar.

Elstu fyrirliggjandi heimildir um Bakkakirkju, frá 1394 og síðar, geta þess beinlínis að kirkjan eigi hvorki land né ítök. Þá kemur ekkert fram um landeignir eða ítök í vísitasíum Bakka allt frá árinu 1585 til ársins 1791. Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar getur þess að kirkjan á Bægisá eigi „afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordum“ og Mikligarður eigi: „Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggia gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl.“ Ekki er heldur ljóst hvort frásagnir nefndra máldagabóka snerti kröfusvæði Bakkasels. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 er getið um réttindi eigenda Bakka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Þar segir: „Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi. Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.“ Þessi frásögn *Jarðabókarinnar* er elsta heimild sem fyrir liggur í málinu og ótvírætt tekur, a.m.k. að einhverju leyti, til ágreiningssvæðisins. Hún bendir til að um hafi verið að ræða afréttarland tilheyrandi

Bakka og það hafi náð yfir landsvæði beggja vegna dalsins sem skilur að Heiðarfjall og Seldalsfjall.

Réttindi eigenda Bakka til Öxnadalsheiðar voru umdeild á 19. öld. Árin 1840, 1841 og 1842 voru lesnar upp lögfestur fyrir Bakka á manntalsþingum á Skriðu í Hörgárdal. Þar var m.a. getið um réttindi eigenda Bakka, á Öxnadalsheiði og í Seldal. Í öllum tilvikum var lögfestunum mótmælt hvað þau réttindi varðaði, m.a. af hreppstjórum fyrir hönd jarðeigenda á svæðinu. Í þessu samhengi skal þess getið að í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Silfrastaða, sem dagsett er 2. júní 1885 og var þinglýst degi síðar, er vestasti hluti kröfusvæðis Bakkasels talinn til Silfrastaðaafréttar. Eigendur Bakka mótmæltu þessu með bréfi 1889 og var mótmælabréfinu þinglýst.

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar*, fyrra bindi, frá árinu 1990 kemur fram að býli hafi verið reist í Bakkaseli árið 1850 en þar hafi áður verið selstaða frá Bakka. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð fyrir þann tíma. Byggðin varði nær samfelld til ársins 1960. Elsta samtímaheimildin um Bakkasel undir því heiti er frá þeim tíma sem byggðin varði, þ.e. landamerkjabréfið sem dagsett er 8. mars 1889.

Hinar elstu heimildir sem vitnað var til að framan varpa engu ljósi á hvort menn hafi talið til réttinda á því svæði sem hér er deilt um. Frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 bendir á hinn bóginn eindregið til þess að á þeim tíma hafi landsvæðið verið talið afréttarland Bakka. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að það hafi fyrst verið um miðja 19. öld að farið var að nýta svæðið til annars en beitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Þær benda þó ekki til þess að um hafi verið að ræða samnotaafrétt heldur verður ráðið af þeim, einkum frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712, að Bakka hafi þar tilheyrt meiri réttindi á svæðinu en öðrum jörðum í hreppnum. Óbyggðanefnd telur því að um sé að ræða afrétt í flokknum afréttir einstakra jarða eða stofnana, samanber umfjöllun um afrétti í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka). Hvort í því hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Af *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 má ráða að það landsvæði sem hér er deilt um hafi verið landfræðilega aðskilið frá Bakka. Svæðisins er þar getið með sérstökum hætti og nefnt „afrjettur“. Einnig er getið um selstöðu þar sem sé „ei í manna minni brúkuð“. Engin gögn liggja fyrir um að svæðið hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Loks er til þess að líta að svæðið er að miklum hluta hálent og fjarri byggð. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið sem deilt er um hafi verið afréttur Bakka í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar

ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrsti og láglandasti hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri því svæði sem hér er til umfjöllunar liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2, 3 og 4/2008.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á kröfusvæði Bakkasels fyrir hefð. Sem fyrr segir mun byggð hafa hafist í Bakkaseli árið 1850 og henni lokið árið 1960. Byggðin var samfelld, a.m.k. frá aldamótunum 1900, að öðru leyti en því að Bakkasel var í eyði á árunum 1902–1904, 1908–1909 og 1945–1946, að því er greinir í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar*, fyrra bindi, frá árinu 1990. Bærinn mun upphaflega hafa staðið skammt sunnan Nautár, þ.e. nokkru norðar en kröfulína ríkisins var upphaflega dregin í máli þessu. Árið 1929 mun bærinn hafa verið fluttur norður fyrir Nautá. Það bæjarstæði er einnig utan ágreiningssvæðis máls þessa.

Í kaflanum um Bakkasel í Fasteignamati 1916–1918 kemur fram að stærð túns sé 1,9 ha. og engjar séu „litlar og reitingslegar“. Einnig segir að jörðinni fylgi dálítið afréttarland og að frá jörðinni hafi „verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalsheiði) og notaður sem afréttur (af jarðeiganda) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar.“ Loks segir: „Á jörðinni má framfleyta 1 kú, 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.“ Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar I* frá 1973 segir m.a. eftirfarandi um Bakkasel: „Því var það, að bóndinn á Bakka, [...], byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það er fyrsti vísir að gistihúsarekstri þar. Auk þess hafði hann um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur áfram á Bakka.“

Ekkert liggur fyrir í málinu um hvort þau not sem að ofan er greint frá hafi náð til þess hluta kröfusvæðis Bakkasels sem ágreiningur stendur um í máli þessu, þ.e. sunnan línunnar sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Sú lína liggur um 1,5 km sunnan síðara bæjarstæðis

Bakkasels. Norðan línunnar eru láglendustu og gróðursælustu hlutar kröfusvæðis Bakkasels. Það sem fram kemur í fasteignamatinu 1916–1918 bendir ennfremur til þess að búskapur í Bakkaseli hafi verið fremur smár í sniðum, sem bendir til þess að önnur not en afréttarnot geti hafa einskorðast við svæðið norðan hinnar upphaflegu þjóðlendukröfulínu ríkisins. Loks er ekkert sem bendir til þess að ferðaþjónustan sem komið var á fót í Bakkaseli upp úr aldamótunum 1900 hafi falið í sér landnotkun sunnan umræddrar línu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á samfellda beitingu annarra eignarráða á því landsvæði að því marki að byggja mætti eignarhefð á henni. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði laga nr. 46/1905 um eignarhefð séu uppfyllt hvað ágreiningssvæðið varðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að kröfusvæði Bakkasels sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹⁷⁰ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, þ.e. Seldalsfjall, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Að norðan ræður lína sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá (punktur nr. 39 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Að austan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt til upptaka og línán dregin þaðan til suðausturs að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin vestur að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og sýslumörkin og Kaldbaksá að vestan þar til komið er að fyrrnefndri línu sem dregin er frá 800 metra hæðarpunkti norðan til í Kaldbaksdal beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

¹⁷⁰ Sbr. einnig lokakafli í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.6 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmannna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmonnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7 (suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að málum. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jarðirnar Laugaland, Hesjuvelli og Hóla og koma þær því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

7 ÚRSKURÐARORÐ¹⁷¹

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Vaskárdalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar og eftir sveitarfélagamörkum í Melrakkaöxl og áfram eftir fjallsrananum og sveitarfélagamörkum að merkjum Gloppu (punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skv. greinargerð, dags. 27. ág. 2008). Þaðan er kröfulínu ríkisins fylgt þar til hún sker 800 m hæðarlínu gengt Melrakkaá. Hæðarlínunni sem jafnframt er upphafleg kröfulína ríkisins er síðan fylgt að upphafspunkti milli Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls.

Sama landsvæði er í afréttareign Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Almennigur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur að vestan er þar sem Seldalsá sker línu sem dregin er beina stefnu frá 800 metra hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum (punkti nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbaksdal (punkt nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Þaðan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt allt til dalbotnsins og þaðan upp að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Upphafspunktur að austan er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu vegna Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv.

¹⁷¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamanur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin milli þeirra punkta á sveitarfélagamörkum sem nefndir voru. Að norðan ræður bein lína milli upphafspunkts að vestan og upphafspunkts að austan.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Hörgárbyggð, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Seldalsfjall, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Að norðan ræður lína sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum (punktur nr. 37 á Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk (punktur nr. 38 á Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá (punktur nr. 39 á Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Að austan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt til upptaka og línan dregin þaðan til suðausturs að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin vestur að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og sýslumörkin og Kaldbaksá að vestan þar til komið er að fyrrnefndri línu sem dregin er frá 800 metra hæðarpunkti norðan til í Kaldbaksdal beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Gunnars Sólness hrl.: Hjalti Páll Þórarinsson og Rósa María Stefánsdóttir, 150.000 kr. vegna Hesjuvalla; Legatsjóður Jóns Sigurðssonar, 150.000 kr. vegna Laugalands.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Hörgárbyggð, 200.000 kr. vegna Almennings; Hörgárbyggð og Akrahreppur, 500.000 kr. vegna Bakkasels.

Málflutningsþóknun Sifjar Konráðsdóttur: Ólafur Valsson, 300.000 kr. vegna Hóla.

Málflutningsþóknun Sigurðar Sigurjónssonar hrl.: Einar S. Valbergsson og Hörgárbyggð, 650.000 kr. vegna Vaskárdals.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

Hulda Árnadóttir

II. Aðilaskrá

Þjóðlendum

Almenningur
Bakkasel
Bakkasel
Hesjuvellir
Hesjuvellir
Laugaland
Vaskárdalur
Vaskárdalur

Fjármálaráðherra f.h. íslenska
ríkisins

Hörgárbyggð
Hörgárbyggð
Akrahreppur
Hjalti Páll Þórarinsson
Rósa María Stefánsdóttir
Legatsjóður Jóns Sigurðssonar
Einar S. Valbergsson
Hörgárbyggð

III. Skjalaskrá¹⁷²

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 14.3.2008.
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.
- 1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.
- 1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.
- 1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekar frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.
- 1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.
- 1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.
- 1(11) Tilvísanaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(12) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27.8.2008.
- 1(13) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á kröfupunkti og lýsingu kröfugerðar, dags. 10.11.2008.
- 1(14) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

- 2(1) Titlingur í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. (*Merkt 81*).
- 2(2) Lögmanshlíð í Glæsibæjarhreppi, dags. 13.5.1889. (*Merkt 82 a-b*).
- 2(3) Hesjuvellir í Glæsibæjarhreppi, dags. 16.4.1884. (*Merkt 83*).
- 2(4) Hesjuvellir í Glæsibæjarhreppi, dags. 18.8.1952. (*Merkt 84*).
- 2(5) Kífsá í Glæsibæjarhreppi, dags. 24.6.1922. (*Merkt 85*).
- 2(6) Hrappsstaðir í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. (*Merkt 86*).
- 2(7) Ásláksstaðir í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. (*Merkt 87*).
- 2(8) Vaglíur í Glæsibæjarhreppi, dags. 21.3.1884. (*Merkt 88*).
- 2(9) Steðji í Glæsibæjarhreppi, dags. 1.4.1889. (*Merkt 89*).
